



## Bæjarstjórn Garðabæjar 16. (875)/2020

Boðað er til 16. (875). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 5. nóvember 2020 kl. 17:00 Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

### Dagskrá:

1. 2010022F - Fundargerð bæjarráðs frá 20/10 '20.  
1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Viðaukar nr. 8, 9 og 10.  
  
2003434 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi yfirlit yfir staðsetningu gangbrauta, hraðahindrana, biðskyldu, umferðarhraða og stöðvunarskyldu.
2. 2010034F - Fundargerð bæjarráðs frá 27/10 '20.
3. 2010054F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/11 '20.  
1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Viðaukar 11-14.  
  
2009627 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi leyfi til framkvæmda við endurnýjun aðkomuvegar að Hliði.  
  
2009028 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnavatnsskarði.  
  
2010333 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er tekur til svæðis við Brekkuás.  
  
2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er tekur til svæðis í Garðahverfi.  
  
2010078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis.  
  
2008336 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna landnotkunarreits í norðanverðu Urriðaholti.  
  
1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.  
  
2007239 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 42.  
  
2010028 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frávík frá deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Víkurgötu 23.



4. 2010025F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 21/10 '20.
5. 2010007F - Fundargerð leikskólanefndar frá 7/10 '20.
6. 2010019F - Fundargerð leikskólanefndar frá 21/10 '20.
7. 2010031F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 23/10 '20.
8. 2011001F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 2/11 '20.
9. 2010017F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 15/10 '20.
10. 2010037F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 29/10 '20.
11. 2010013F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 14/10 '20.
12. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 19/10 '20.
13. 2001357 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 9/10 og 15/10 '20.
14. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 5/10, 12/10 og 19/10 '20.
15. 2001494 - Fundargerð Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 14/10 '20.
16. 2010313 - Gjaldskrá heilbrigðiseftirlits vegna leyfisveitinga.
17. 2010313 - Gjaldskrá fyrir hundahald 2021.
18. 2011046 - Tillaga Garðabæjarlistans um lýðheilsu ungmenna.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**15. (874). fundur 2020**

Fimmtudaginn 15. október 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 1. október 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2010001F - Fundargerð bæjarráðs frá 6/10 '20.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum og lagði fram svohljóðandi bókun.

„Garðabæjarlistinn fagnar viðbrögðum við umræðu um loftslagsmál frá síðasta bæjarstjórnarfundum og leggur til að settur verði á laggirnar starfshópur um innleiðingu loftslagsstefnu Garðabæjar. Verkefnið er brýnt og sveitarfélögum ber lögum samkvæmt að setja sér loftslagsstefnu fyrir lok ársins 2021.“

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum sagði frá vinnu við undirbúning að gerð loftslagsstefnu fyrir Garðabæ.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 7. tl., úttekt starfshóps sumarvinnu á aðgengi fyrir hreyfihamlaða á helstu stofnunum, leiksvæðum og strætóbiðstöðvum Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 7. tl., úttekt starfshóps sumarvinnu á aðgengi fyrir hreyfihamlaða á helstu stofnunum, leiksvæðum og strætóbiðstöðvum Garðabæjar.

Ingvar Arnarson ræddi, 1. tl., verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum 7. tl., úttekt starfshóps sumarvinnu á aðgengi fyrir hreyfihamlaða á helstu stofnunum, leiksvæðum og strætóbiðstöðvum Garðabæjar og 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum. Ingvar lagði fram svohljóðandi bókun varðandi 12. tl.

„Við í Garðabæjarlistanum setjum spurningarmerki við þau áform um að færa golfbrautir út í Urriðakotshraun og áskiljum við okkur rétt til að bóka nánar um málið þegar það verður tekið til frekari afgreiðslu að nýju eftir að athugasemdir um deiliskipulagið hafa borist.“

Gunnar Valur Gíslsson, ræddi 23. tl., opnun tilboða í byggingarrétt lóðar við Eskiás og 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum.

Almar Guðmundsson, ræddi 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum.

Björg Fenger, ræddi 7. tl., úttekt starfshóps sumarvinnu á aðgengi fyrir hreyfihamlaða á helstu stofnunum, leiksvæðum og strætóbiðstöðvum Garðabæjar.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi að nýju 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum.

Ingvar Arnarson, ræddi 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 12. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum og 7. tl., úttekt starfshóps sumarvinnu á aðgengi fyrir hreyfihamlaða á helstu stofnunum, leiksvæðum og strætóbiðstöðvum Garðabæjar.

#### *Afgreiðsla mála.*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi er nær til upplands Garðabæjar, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnum, öðrum umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. (Mál nr. 1912201)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum, sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnum, öðrum umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. (Mál nr. 2009538)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að dyr bílgeymslu og aðalinngangur einbýlishússins að Kinnargötu 20 séu undir þakskyggni og ekki inndregnar. Þá er gert ráð fyrir að þakhalli verði 12° í stað 15°. Um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi, sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsókn um geymslu utan byggingarreits er hafnað. (Mál nr. 2009434)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að fjórar íbúðir sem eru 90,5 m<sup>2</sup> að stærð í fjölbýlishúsinu að Hóltsvegi 55 hafi ekki bílastæði í bílgeymslu. Um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi, sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. (Mál nr. 2009511)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) sem gerir ráð fyrir lóð fyrir dælustöð við Hraunsholtsbraut á móts við gatnamót Drafnaráss, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal tillöguna lóðarhöfum að Furuási 2 og Eikarási 1. (Mál nr. 2009610)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að bílgeymsla fjölbýlishúsanna við Hraungötu 25-29 víki lítilega frá byggingarreit. Um óverulegt frávík er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi, sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. (Mál nr. 2009509)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna staðsetningar smádreifistöðvar við Maltakur.  
Tillagan var grenndarkynnt og var tillögunni mótmælt af íbúum við Maltakur 1. (Mál nr. 2006442)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Heiðmerkur sem gerir ráð fyrir breytingu á legu stígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnvatnsskarði, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal tillöguna Umhverfisstofnun, Landsneti og Skógræktarfélagi Reykjavíkur. (Mál nr. 2009649)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að veita leyfi til framkvæmda samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lagningu útivistarstígs frá Bessastöðum að Norðurnesvegi. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem gildir fyrir Bessastaði, upphaflega samþykkt 1999, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 500/1999. (Mál nr. 2008104)

Fundargerðin sem er 24 tl. er samþykkt samhljóða.

## **2. 2010010F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/10 '20.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., skýrslu um velsæld og velferð íbúa Garðabæjar.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., skýrslu um velsæld og velferð íbúa Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., skýrslu um velsæld og velferð íbúa Garðabæjar.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins varðandi framtíð fasteigna á Vífilsstöðum.

Gunnar Einarsson, ræddi 4. tl., bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins varðandi framtíð fasteigna á Vífilsstöðum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 4. tl., bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins varðandi framtíð fasteigna á Vífilsstöðum.

Fundargerðin sem er 5 tl. er samþykkt samhljóða.

## **3. 2009044F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 30/9 '20.**

Almar Guðmundsson, ræddi bókanir vegna afgreiðslu mála. Almar fór yfir tölulegar upplýsingar sem fjölskyldusviðið tekur saman mánaðarlega um þróun fjárhagsaðstoðar og fjölda tilkynninga vegna barnaverndarmála.

Fundargerðin lögð fram.

## **4. 2010003F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 5/10 '20.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., skóladagskrá, 4. tl., fjölskyldudagskrá haustið 2020 og 5. tl., tónlistarveislu í skammdeginu 2020. Þá sagði Gunnar frá að jazzstund í Sveinatungu sem tekin var upp

að frumkvæði menningarfulltrúa og er nú aðgengileg á vefnum. Gunnar upplýsti að fyrirhugað er að taka upp fleiri viðburði og streyma á vefinn m.a. leiðsögn um sýninguna 100% ull í Hönnunarsafni og tónlistarstund með bæjarlistamanni Garðabæjar.

Björg Fenger, ræddi 6. tl., tillögu að undirbúningi íþróttahátíðar og menningarhátíðar í fjölnota íþróttahúsi og sagði frá því að í dag var byrjað að reisa stálbita í grind hússins.

Sigurður Guðmundsson, ræddi rafrænan flutning á lifandi menningaratburðum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi rafrænan flutning á lifandi menningaratburðum.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi rafrænan flutning á lifandi menningaratburðum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi rafrænan flutning á lifandi menningaratburðum.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi rafrænan flutning á lifandi menningaratburða og almennt möguleika á að streyma atburðum rafrænt.

Björg Fenger, ræddi almennt möguleika á að streyma atburðum rafrænt.

Fundargerðin lögð fram.

#### **5. 201004F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 8/10 '20.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., störf skólahjúkrunarfræðinga í grunnskólum Garðabæjar, 2. tl., menningarviðburði í grunnskólum Garðabæjar, 4. tl., starfsáætlanir grunnskóla Garðabæjar 2020-2021 og 7. tl., þróunarsjóði Garðabæjar.

Fundargerðin lögð fram.

#### **6. 2009041F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 1/10 '20.**

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., breytingu á aðalskipulagi vegna norðurness á Álftanesi og 2. tl. breytingu á aðalskipulagi vegna Vífilsstaðalands.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., breytingu á aðalskipulagi vegna norðurness á Álftanesi.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., breytingu á aðalskipulagi vegna norðurness á Álftanesi.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., breytingu á aðalskipulagi vegna norðurness á Álftanesi

Fundargerðin lögð fram.

#### **7. 2009046F - Fundargerð ungmennaráðs frá 14/9 '20.**

Björg Fenger, ræddi 1. tl., gerð myndbanda varðandi forvarnarmál.

Ingvar Arnarson, gerði athugasemd við að fundargerðin er ekki aðgengileg í fundargáttinni.

Sara Dögg Svanhildardóttir, minnti á hugmynd um að bæjarstjórn fundi með ungmennaráði.

Fundargerðin lögð fram.

**8. 2009049F - Fundargerð öldungaráðs frá 2/10 '20.**

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., tilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu um aðgerðaráætlun í þjónustu við fólk með heilabilun, 3. tl., endurnýjun forvarnarstefnu, 4. tl., framgang stafrænnar þróunar og þjónustu í Garðabæ og 5. tl. ályktun frá Landssambandi eldri borgara.

Fundargerðin lögð fram.

**9. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 28/9 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**10. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH nr. 502-506 frá 21/9 - 1/10 '20.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi kynningu á breytingu á gjaldskrá Sorpu og fjárhagsáætlanir Strætó.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi samgönguáætlun og fjárhagsáætlanir Strætó.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi kynningu á gjaldskrá Sorpu og fjárhagsáætlun.

Gunnar Einarsson, ræddi kynningu á gjaldskrá Sorpu og fjárhagsáætlun.

Fundargerðirnar lagðar fram.

**11. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 25/9 '20.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., fjárhagsáætlun 2021, 1. tl., stöðu og horfur í rekstri og fjárfestingum og 3. tl., dómsmál ÍAV gegn byggðasamlaginu vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar.

Fundargerðin lögð fram.

**12. 2001425 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 25/9 og 9/10 '20.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., fg frá 25/9, fjárhags- og starfsáætlun 2021-2025 og 4. tl., fg. frá 9/10, gæðamál og stöðu ábendinga frá viðskiptavinum.

Fundargerðirnar lagðar fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.


Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúum og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Sigurður Guðmundsson, (sign)  
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Gunnar Einarsson, (sign)  
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)  
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)




## Undirritunarsíða

Áslaug Hulda Jónsdóttir




Undirritað af:  
Áslaug Hulda  
Jónsdóttir  
0505764699  
Dags: 16.10.2020  
Tími: 14:17:11  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f

Sigríður Hulda Jónsdóttir




Undirritað af:  
Sigríður Hulda  
Jónsdóttir  
1809645689  
Dags: 16.10.2020  
Tími: 18:56:27  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f

Sigurður Guðmundsson



Undirritað af:  
Sigurður  
Guðmundsson  
2003703419  
Dags: 16.10.2020  
Tími: 14:29:06  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f

Gunnar Valur Gíslason




Undirritað af:  
Gunnar Valur Gíslason  
0603586809  
Dags: 16.10.2020  
Tími: 15:35:14  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f

Jóna Sæmundsdóttir




Undirritað af:  
Jóna Sæmundsdóttir  
1903582169  
Dags: 16.10.2020  
Tími: 13:30:11  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f

Almar Guðmundsson



Undirritað af:  
Almar Guðmundsson  
0305722979  
Dags: 16.10.2020  
Tími: 14:42:37  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f

Björg Fenger



Undirritað af:  
Björg Fenger  
1308785049  
Dags: 16.10.2020  
Tími: 15:29:36  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f

Gunnar Einarsson



Undirritað af:  
Gunnar Einarsson  
2505554079  
Dags: 19.10.2020  
Tími: 14:18:51  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f

Sara Dögg Svanhildardóttir



Undirritað af:  
Sara Dögg  
Svanhildardóttir  
2607733139  
Dags: 16.10.2020  
Tími: 13:05:47  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f


Ingvar Arnarson



Undirritað af:  
Ingvar Arnarson  
2406783819  
Dags: 16.10.2020  
Tími: 15:52:48  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f

# Undirritunarsíða

Harpa Þorsteinsdóttir



Undirritað af:  
Harpa Þorsteinsdóttir  
2706862229  
Dags: 16.10.2020  
Tími: 17:37:40  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 44fc52e7-  
635a-40f8-af19-  
2c387f69135f

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**41. (1949). fundur 2020**

Þriðjudaginn 20. október 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001444 - COVID-19 - neyðarstig almannavarna.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundi almannavarna sem haldinn var sl. föstudag en þar voru kynnt áform um breytingar á sóttvarnarráðstöfunum sem tóku gildi í dag. Áfram er kveðið á um strangar takmarkanir á höfuðborgarsvæðinu. Bæjarstjóri sagði frá sameiginlegri tilkynningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um lokun íþróttamannvirkja og sundlauga.

Neyðarstjórn Garðabæjar kom saman til fundar sl. föstudag og var farið yfir stöðuna í stofnunum Garðabæjar og almennt áhrif farsóttarinnar á starfsemi bæjarins. Smit hafa komið upp í stofnunum bæjarins og starfsmenn og nemendur farið í einangrun og sóttkví.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og félagsmálastjóri fóru yfir stöðu mála á sínum sviðum.

Bæjarfulltrúarnir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Gunnar Valur Gíslason og Harpa Þorsteinsdóttir voru á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-3.

Lúdvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri var á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-3.

**2. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Viðaukar nr. 8, 9 og 10.**

Fjármálastjóri gerði grein fyrir viðaukum nr. nr. 8, 9 og 10 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 8, 9 og 10 við fjárhagsáætlun 2020 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 8

Sumarstörf

Í byrjun sl. sumars var gerður viðauki vegna atvinnuátaks ungs fólks vegna áhrifa af Covid-19. Viðaukinn sem var gerður var byggður á áætlun miðað við umsóknir sem þá lágu fyrir. Nokkuð frávik urðu á þessari áætlun, sem skýra má vegna þess að það skiluðu sér ekki allir í vinnu og sumir unnu styttra en áætlað var. Einnig tókst ekki að ná þeim fjölda sem til stóð í atvinnuátak með endurgreiðslu Vinnuálastofnunar vegna þeirra takmarkana sem þær reglur gerðu ráð fyrir. Miklu fleiri ungmenni sóttu vinnuskólann en áætlun gerði ráð fyrir, vegna slæmrar stöðu á vinnuarkaði.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

Sumarátak ungs fólks -lækkun kostnaðar

56.000.000 11330-

Sumarátak með þátttöku Vinnumálastofnunar		
Kostnaður lægri en áætlað var	19.500.000	11340-
Þátttaka Vinnumálastofnunar lægri en áætlað	-18.200.000	11340-
Kostnaður umfram áætlun	1.300.000	
Samtals lægri kostnaður sumarátaks	57.300.000	
Vinnuskóli Garðabæjar viðbótarkostnaður	61.200.000	6271-
Mismunur kostnaðarauki	3.900.000	
Kostnaðarauka mætt með hækkun tekna af fasteignagjöldum vegna nýrra eigna.		
Fasteignaskattur	-3.900.000	00060-0011

#### Viðauki 9

Vegna nýrra kjarasamninga á árinu 2020 þarf að leiðrétta launaliði stofnana umfram það sem fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir að launaliðir hækkuðu. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 200 millj. kr. varasjóði sem m.a. átti að nýta til að leiðrétta launaliði mv. niðurstöðu kjarasamninga.

Lagt er til að eftirfarandi fjárhæðir fari til hver sviðs:

Félagspjónustusvið	16.000.000	02-
Fræðslusvið	216.000.000	04-
Menningarmál	1.000.000	05-
Æskulýðs- og íþróttasvið	15.000.000	06-
Skipulags- og byggingamál	2.000.000	09-
Umhverfismál	4.000.000	11-
Sameiginlegur kostnaður	7.000.000	21-
Þjónustumiðstöð	4.000.000	31-
Samveitur	2.000.000	43-
Samtals	267.000.000	

Kostnaðarauka skal mætt með eftirfarandi hætti:

Varasjóður	163.000.000	31916-7179
Útgjaldajöfnunarframlag	29.000.000	00100-0110
Grunnskólaframlag	45.000.000	00100-0141
Seldur byggingarréttur	30.000.000	31400-0397
Samtals	267.000.000	

#### Viðauki 10

##### Fjölskyldusvið

Á fjölskyldusviði þarf að hækka fjárheimildir vegna þjónustu við fatlað fólk og kostnaðarauka við reksturs búsetukjarna við Unnargrund sem er til kominn vegna næturvakta og hækkunar á launum nýrra kjarasamninga.

Samtals	54.000.000	
---------	------------	--

Kostnaðarauka skal mætt með eftirfarandi hætti.

Seldur byggingarréttur -54.000.000 31400-0397

### 3. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).

Fjármálastjóri gerði grein fyrir vinnu við fjárhagsáætlun og sagði frá því að stefnt væri að framlagningu fyrstu draga í næstu viku.

Lögð er fram útkomuspá og tekjuáætlun Sambands ísl. sveitarfélaga vegna staðgreiðslu útsvars.

4. **2010248 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi fresti til að leggja fram og afgreiða fjárhagsáætlun, dags. 15.10.20.**

Bæjarráð samþykkir að fara þess á leit við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að bæjarráði Garðabæjar verði veittur frestur til 1. desember 2020 til framlagningar fjárhagsáætlunar og frestur til 31. desember 2020 til að afgreiða fjárhagsáætlun.

5. **2006369 - Drög að viðauka við samning um rekstur hjúkrunarheimilis.**

Bæjarstjóri kynnti drög að samkomulagi við Sjómannadagsráð um viðauka við samstarfsamning um rekstur hjúkrunarrýma og dagdvalar á Ísafold. Í samningum er gert ráð fyrir viðbótargreiðslum til að tryggja reksturinn út árið 2021. Samningsaðilar eru sammála um að komi ekki til verulegrar hækkunar daggjalda á fyrri hluta ársins 2021 sé sýnt að heimilið verði rekið með tapi og ekki forsendur fyrir hvorugan aðilann til að annast reksturinn.

Bæjarráð samþykkir samkomulagið og felur bæjarstjóra undirritun þess.

Bæjarráð ítrekar samþykkt bæjarstjórnar frá 3. september sl. um að bæjarstjóri undirbúi að afhenda ríkinu rekstur hjúkrunarheimilisins.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.

6. **1811027 - Drög að samkomulagi varðandi greiðslur fyrir byggingarrétt og heimild til veðsetningar.**

Bæjarstjóri kynnti drög að samkomulagi við Miðengi ehf. sem gerir ráð fyrir að greiðsla vegna byggingarréttar lóðar við Lambamýri að fjárhæð kr. 466.666.666 renni óskert til Garðabæjar.

Bæjarráð samþykkir samkomulagið og veitir heimild til veðsetningar vegna útgáfu á veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 280.000.000.

7. **2010225 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 14. mál., dags. 15.10.20.**

Lagt fram.

8. **2010227 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði (breytt kynskráning), 21. mál., dags. 15.10.2020.**

Lagt fram.

9. **2010182 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns), 11. mál., dags. 13.10.2020.**

Lagt fram.

10. **2010228 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um stjórnslu jafnréttismála, 15. mál., dags. 15.10.2020.**

Lagt fram.

11. **1911015 - Tilboð Mótáss hf. í byggingarrétt lóðar við Eskiás.**

Hæstbjóðandi Mótáss hf hefur lagt fram gögn varðandi fjárhagsstöðu sína, fjármögnun lóðar og byggingarframkvæmda.

Bæjarráð samþykkir tilboð Mótáss hf. að fjáræð kr. 154.000.000 í byggingarrétt lóðarinnar við Eskiás 10.

**12. 2003434 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi yfirlit yfir staðsetningu gangbrauta, hraðahindrana, biðskyldu, umferðarhraða og stöðvunarskyldu.**

Tillaga skipulagsnefndar um staðsetningu gangbrauta, hraðahindrana, biðskyldu, stöðvunarskyldu og hraðamörk hefur verið send lögreglu og liggur fyrir jákvæð umsögn.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillöguna og að auglýsing verði birt í B-deild Stjórnartíðinda varðandi sérákvæði fyrir umferð í Garðabæ í samræmi við framlagða tillögu, sbr. 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

**13. 2010233 - Bréf HS Veitna hf. varðandi uppsetningu og rekstur gatnalýsingar, dags. 12.10.2020.**

Í bréfinu er boðað til viðræðna um breytt verklag varðandi þjónustu, viðhald og uppsetningu gatnalýsingar.

Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

**14. 2006151 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kærú á samþykkt bæjarstjórnar um nýtt deiliskipulag fyrir Lundahverfi.**

Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem fram kemur að kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar bæjarstjórnar Garðabæjar frá 20. febrúar um að samþykkja nýtt deiliskipulag fyrir Lundahverfi er hafnað.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúm og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**42. (1950). fundur 2020**

Þriðjudaginn 27. október 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fengler, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001444 - COVID-19 - neyðarstig almannavarna.**

Á fund bæjarráðs kom Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og fór yfir þróun faraldursins í þriðju bylgju. Jón Viðar gerði grein fyrir stöðu mála í dag og fór yfir tölulegar upplýsingar um dreifingu, fjölda smita o.fl. Þá gerði Jón Viðar grein fyrir aðgerðum sem nú standa yfir til að hamlu útbreiðslu farsóttarinnar. Fram kom hjá Jóni Viðari að samstarf sveitarfélaganna við að samhæfa aðgerðir og tilkynningar til íbúa hafi verið til fyrirmyndar.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og félagsmálastjóri fóru yfir stöðu mála á sínum sviðum.

Bæjarstjóri sagði frá viðbrögðum Sjálandsskóla vegna eineltismála sem hafa verið til umfjöllunar en af hálfu skólans hefur verið send út yfirlýsing vegna málsins. Skólinn vinnur að málinu samkvæmt viðbragðsáætlun Garðabæjar í eineltismálum og þá hefur verið brugðist við með því að efla samstarf við foreldra þeirra nemenda sem hlut eiga að máli. Kallaðir hafa verið til ráðgjafar sérfræðingar í eineltismálum til að styðja við nemendur og starfsfólk skólans.

Bæjarfulltrúarnir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir voru á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-2.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri var á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-2.

**2. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).**

Fjármálastjóri gerði grein fyrir vinnu við gerð fjárhagsáætlunar og kom fram að öll gögn frá forstöðumönnum og sviðum hafa skilað sér. Fjármálastjóri fór yfir vinnu við útkomuspá ársins 2020 sem þarf að liggja fyrir í aðdraganda framlagningar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Farið var yfir helstu forsendur tekjuáætlunar 2021 og breytingar á helstu útgjaldaliðum en þar vegur þýngst hækkun launakostnaðar.

Upplýst er um að fyrir liggur samþykki samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um frestun til framlagningar og afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Stefnt er að því að fyrri umræða um fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024) verði á fundi bæjarstjórnar 19. nóvember nk.

**3. 2010313 - Bréf Heilbrigðiseftirlitsins varðandi fjárhagsáætlun 2021, dags. 20.10.20.**

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.

Gjaldskrá vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi og gjaldskrá vegna hundahalds er vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.



4. **2010366 - Bréf Heilbrigðiseftirlitsins varðandi kaup á færarlegri loftgæðastöð, dags. 21.10.20.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.
5. **2008563 - Holtsvegur 55 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita H55 ehf., kt. 681118-0200, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 17 íbúðum að Holtsvegi 55.
6. **2004225 - Krókamýri 18 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Davíð G. Waage, kt. 280275-3959, leyfi fyrir tengibyggingu við núverandi hús að Krókamýri 18.
7. **2007794 - Urðargata 1-3 - afturköllun byggingarleyfis.**  
Bæjarráð samþykkir beiðni Byggingafélagsins Róta ehf., kt. 700707-0160 um afturköllun byggingarleyfis vegna raðhúsanna við Urðargötu 1, 3 og 5.
8. **2009110 - Goðatún 12 - Umsókn um byggingarleyfi**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ottó Frey Guðmundssyni, kt. 160582-4729, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Goðatúni 12.
9. **2010062 - Hraunsholtsvegur 6 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Peter Thompkins, kt. 140466-2129, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Hraunsholtsvegi 6.
10. **2009028 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnavatnsskarði.**  
Frestað.
11. **2006085 - Afgreiðsla leikskólanefndar varðandi úthlutun styrkja úr þróunarsjóði leikskóla.**  
Lögð fram afgreiðsla leikskólanefndar um úthlutun styrkja úr þróunarsjóði leikskóla 2020. Alls bárust 4 umsóknir í sjóðinn að fjárhæð kr. 3.833.000. Leikskólanefnd hefur fjallað um allar umsóknir og leggur til að úthlutað verði kr. 3.120.000 úr sjóðnum til 3 verkefna. Bæjarráð staðfestir tillögur leikskólanefndar um úthlutun styrkja, sbr. 4. gr. reglna um þróunarsjóð leikskóla.
12. **2010300 - Tilkynning heilbrigðisráðuneytisins varðandi áform um endurskoðun laga um málefni aldraðra, dags. 19.10.20.**  
Lögð fram og vísað til kynningar í öldungaráði.
13. **2010316 - Bréf EBÍ varðandi ágóðahlutagreiðslu 2020, dags. 15.10.20.**  
Lagt fram bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands þar sem fram kemur að ágóðahluti Garðabæjar árið 2020 er að fjárhæð kr. 2.534.000.
14. **2010353 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, 27. mál., dags. 20.10.20.**  
Lagt fram.

15. **2010355 - Bréf Alþings varðandi frumvarp til laga um almannatryggingar (hækkun lífeyris), 25. mál., dags. 21.10.20.**  
Lagt fram.
16. **2010354 - Bréf Alþings varðandi tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 85. mál., dags. 22.10.20.**  
Lagt fram.
17. **2010357 - Bréf Alþings varðandi frumvarp til laga um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu), 28. mál., dags. 22.10.20.**  
Lagt fram.
18. **2010391 - Bréf Alþings varðandi frumvarp til laga um fjarskipti, 209. mál., dags. 23.10.20.**  
Lagt fram.
19. **2001319 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi boðun XXXV. landsþings sveitarfélaga, dags. 16.10.20.**  
Í bréfinu er boðað til XXXV landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga föstudaginn 18. desember nk. Í ljósi aðstæðna verður landsþingið haldið með fjarfundarbúnaði.
20. **2009225 - Tilkynning Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi til Sorpu til reksturs gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi, dags. 20.10.20.**  
Lögð fram.
21. **2010294 - Bréf S.A. varðandi þröngar gangstéttar og snjómokstur, dags. 30.09.20.**  
Bæjarráð þakkar bréfitara góðar ábendingar og felur bæjarstjóra að svara bréfinu.
22. **2010254 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi, dags. 15.10.20.**  
Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
23. **2010392 - Bréf Samtakanna 78 varðandi styrk, dags. 22.10.20.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.
24. **2010255 - Tilkynning ÚUA um kæru vegna samþykktar bæjarráðs að leyfa framkvæmdir við stækkun bílskúrs að Reynilundi 11., dags. 16.10.20.**  
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúm og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**43. (1951). fundur 2020**

Þriðjudaginn 3. nóvember 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001444 - COVID-19 - neyðarstig almannavarna.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir hertum sóttvarnarráðstöfunum sem tóku gildi 1. nóvember sl. Meginbreytingin felst í 10 manna fjöldatakmörkum í stað 20 áður. Allt íþróttastarf verður óheimilt og sviðslistir sömuleiðis. Gert er ráð fyrir að reglur um hertar aðgerðir gildi til og með 17. nóvember nk.

Bæjarstjóri upplýsti að unnið hafi verið að breyttum útfærslum í stofnum Garðabæjar en reglurnar kalla á breytingar á starfsemi skóla og annarra stofnana. Á bæjarskrifstofunum hefur starfsemin á 3. hæð verið skipt upp í þrjú hólf til að tryggja 10 manna fjöldamörk og margir starfsmenn vinna heima.

Ný reglugerð um takmarkanir á skólastarfi hefur verið gefin út og tók gildi í dag. Í leikskólum eru breytingar minniháttar en í grunnskólum og tónlistarskólum er gert ráð fyrir töluverðum takmörkunum hvaða varðar fjölda í kennslustofum og öðrum svæðum. Þá er krafa um grímuskyldu nemenda í efri bekkjum grunnskólans þegar víkja þarf frá tveggja metra reglunni. Í sameiginlegum rýmum skóla, svo sem við innganga, í anddyri, á salerni og göngum, er heimilt að víkja frá fjöldatakmörkun og reglu um blöndun hópa að því gefnu að nemendur í 5.-10. bekk og starfsfólk notist við andlitsgrímu.

Skipulagt íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf barna á grunnskólaaldri, þ.m.t. starf félagsmiðstöðva, er óheimilt á meðan reglugerðin er í gildi.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerði nánari grein fyrir vinnu við útfærslu á skólastarfi í skólum bæjarins. Sviðsstjóri hrósaði stjórnendum og starfsmönnum skólanna fyrir magnað vinnuframlag við að skipuleggja skólastarf við þessar erfiðu aðstæður. Öll börn koma í skóla á hverjum degi en kennsla í sömum greinum er takmörkuð en reynt er að bæta það upp með heimaverkefnum. Fram kom að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa haft samráð um alla megindrætti við útfærslu á skólastarfi.

Félagsmálastjóri fóru yfir stöðu mála á fjölskyldusviði.

Inga Þóra Þórisdóttir, mannauðsstjóri sagði frá viðburðum sem hefur verið streymt til allra starfsmanna og upplýsti að mannauðsdeild er í reglulegum samskiptum við forstöðumenn stofnana.

Svanhildur Þengilsdóttir, stuðnings- og þjónustufulltrúi, sagði frá stöðu mála á Ísafold en þar hefur starfsemin gengið vel að undanförunu og hefur dagdvölin verið opin. Jónshús er opið og hafa starfsmenn í samstarfi við Félag eldri borgara verið að hringja í eldra fólk til að fylgjast með líðan

Þess og almennt aðstæðum þess. Starfsemi heimaþjónustu hefur gengið vel og er lítið um afbókanir. Lögð er áhersla á sóttvarnir og grímunotkun starfsmanna.

Bæjarfulltrúarnir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Gunnar Valur Gíslason, Harpa Þorsteinsdóttir og Jóna Sæmundsdóttir voru á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-3.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri var á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-3.

Fulltrúar í neyðarstjórn Garðabæjar, Inga Þóra Þórisdóttir, mannauðsstjóri, Björgvin Magnússon, forstöðumaður eignasjóðs, Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Vala Dröfn Hauksdóttir, deildarstjóri tölvudeildar, Svanhildur Þengilsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu og Sunna G. Sigurðardóttir, verkefnastjóri voru á fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

## 2. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - Viðaukar 11-14.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir viðaukum nr. 11, 12, 13 og 14 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020. Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. nr. 11, 12, 13 og 14 við fjárhagsáætlun 2020 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### Viðauki 11

#### Covid útgjöld

Eftirfarandi kostnaður hefur fallið á málaflokka vegna covid útgjalda.

Kostnaður sem forstöðumenn voru beðnir um að merkja með sérstöku verknúmeri og er vegna beins útlagðs kostnaður vegna Covid 19 heimsfaraldurs.

Um er að ræða hreinlætisvörur, hanskar, grímur, spritt, viðbót við tölvubúnað sem nauðsynlegur var vegna fjarfunda og fleira.

Fjölskyldusvið	300.000	02-xxxx
Fræðslumál	15.000.000	04-xxxx
Menningarmál	700.000	05-xxxx
Æskulýðs og íþróttamál	2.000.000	06-xxxx
Umhverfismál	200.000	11-xxxx
Sameiginlegur kostnaður	2.600.000	21-xxxx
Eignasjóður	200.000	31-xxxx
Samtals	21.000.000	

### Fjölskyldusvið

Samningur við Vinakot vegna búsetuúrræða sem gert var ráð fyrir hluta ársins að fjárhæð 44,5 millj. kr. var framlengdur út árið.

Jafnframt hefur reynst nauðsynlegt að kaupa sérfræðiráðgjöf sem snýr að atferlisþjálfun.

Aðkeypt sólarhringsþjónusta	44.500.000	02530-4382
Aðkeypt sérfræðisþjónusta	500.000	02530-4990
Samtals	45.000.000	

### Fjármögnun:

Kostnaðarauka skal mætt með seldum byggingarrétti

Byggingarréttur	-66.000.000	31400-0397
-----------------	-------------	------------

### Viðauki 12

#### Breyting á fjárfestingaáætlun

Lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð á fjárfestingaráætlun 2020.

Við upphaflega áætlun var gert ráð fyrir nettó tölu vegna byggingar fjölnota íþróttahús. Sú breyting er nú gerð að tekjufæra byggingarétt í málaflokki 31 eignasjóði, en færa ekki tekjur á móti kostnaði við byggingu mannvirkisins.

Fjárfestingar:

Skólahúsnæði	108.000.000
Framlag Urriðaholts	-110.000.000
Íþróttamannvirki	32.000.000
Fjölnota íþróttahús	1.000.000.000
Búsetuúrræði fyrir fatlaða	-190.000.000
Vífilsstaðaland	-211.800.000
Samtals	628.200.000

Fjármögnun:

Seldur byggingarréttur	-628.200.000	31400-0397
------------------------	--------------	------------

Viðauki 13

Lækkun tekna vegna Covid-19

Vegna heimsfaraldurs Covid 19 verður að breyta áætlun útsvarstekna, vegna gríðarlegra breytinga á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur á árinu 2020 verði um 400 millj. kr. lægri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir

Staðgreiðsla útsvars	400.000.000	00010-0021
----------------------	-------------	------------

Leikskólagjöld og gjöld í tómstundaheimilum hafa verið felld niður þegar börn hafa verið í sóttkví eða veik vegna Covid-19.

Þjónustugjöld hafa verið lækkuð eða felld niður vegna lokunar og skertrar þjónustu

Leikskólagjöld	37.000.000
Þjónustugjöld tómstundaheimila	14.000.000
Samtals	51.000.000

Viðauki 14

Vegna samþykktar bæjarstjórnar um almenningssamgöngur í Urriðaholti þar af bæta við 13 millj. kr á fjárhagsáætlun til að mæta kostnaði við verkefnið.

Strætó	13.000.000	10720-9195
--------	------------	------------

Fjármögnun:

Lækkun rekstrarafgangs	-13.000.000
------------------------	-------------

Millifærsla milli A- og B- sjóðs

Hjúkrunarheimilið Ísafold var rekið sem B-deildar fyrirtæki Garðabæjar á árunum 2013 - 2017. Halli var á rekstrinum öll árin. Samkvæmt reikningsskilaaðferðum sveitarfélaganna ber að gera reikningskil við lok starfsemi B-deildarfyrirtækja milli A og B sjóðs. Þar sem Garðabær var í málaferlum við ríkið vegna hallareksturs stofnunarinnar var ekki gengið frá þessu uppgjöri og ákveðið að bíða með það þangað til niðurstaða dóms lægi fyrir. Nú þykir því rétt að gera upp þessi reikningskil milli A- og B- sjóðs enda liggur fyrir niðurstaða með dómi Hæstaréttar. Það er því fullreynt að ríkið mun ekki standa skil á verkefninu gagnvart Garðabæ.

Niðurstaðan hefur engin áhrif á samantekin reikningskil.

Hjúkrunarheimili uppgjör A sjóður	538.000.000
-----------------------------------	-------------

Hjúkrunarheimili uppgjör B- sjóður	-538.000.000
------------------------------------	--------------

Engin áhrif á heildarrekstur

Fjármálastjóri gerði grein fyrir útkomuspá 2020 að teknu tilliti til ofangreindra viðauka.

**3. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).**

Fjármálastjóri kynnti fyrstu drög að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021 og árin 2022-2024 ásamt drögum að framkvæmdayfirliti.

Gert er ráð fyrir að frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2021 (2021-2024) verði lagt fram við fyrri umræðu í bæjarstjórn 19. nóvember nk.

**4. 2001147 - Þrastanes 10 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jónu Sigríði Einarsdóttir, kt. 310365-3009, leyfi fyrir breytingum á samþykktum teikningum einbýlishúss í byggingu að Þrastanesi 10.

**5. 2003173 - Haukanes 24 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Antoni Kristni Þórarinssyni, kt. 140379-4339, leyfi fyrir breytingum á samþykktum teikningum einbýlishúss í byggingu að Haukanesi 24.

**6. 2009627 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi leyfi til framkvæmda við endurnýjun aðkomuvegar að Hliði.**

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að veita leyfi til framkvæmda samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 við endurnýjun aðkomuvegar að Hliði á Álftanesi. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem gildir fyrir Hlið, upphaflega samþykkt árið 2000. Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar, samkvæmt 12. gr. auglýsingar nr. 606/2020 um friðlýsingu Hliðs í Garðabæ, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

**7. 2009028 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnvatnsskarði.**

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að veita leyfi til framkvæmda samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lagningu stígs frá Vífilsstaðavatni að Grunnvatnsskarði. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem gildir fyrir Heiðmörk, upphaflega samþykkt 2017, sbr. auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1115/2017 og breyting deiliskipulagi, sbr. auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1047/2020. Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar, samkvæmt 5. gr. auglýsingar um friðlýsingu Vífilsstaðavats og nágrennis nr. 1064/2007, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

**8. 2010333 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er tekur til svæðis við Brekkuás.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um gerð lýsingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er tekur til svæðis við Brekkuás. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, umsagnaraðilum og kynna hana almenningi.

**9. 2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er tekur til svæðis í Garðahverfi.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um gerð lýsingar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er tekur til svæðis í Garðahverfi. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, umsagnaraðilum og kynna hana almenningi.

Ingvar Arnarson, vakti athygli á bókun Baldurs Ó. Svavarssonar sem lögð var fram við afgreiðslu málsins í skipulagsnefnd.

**10. 2010078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um gerð lýsingar sbr. skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á deiliskipulagi Garðahverfis. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, umsagnaraðilum og kynna hana almenningi, sbr. 2. mgr. 40. gr. sömu laga.

**11. 2008336 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna landnotkunarreits í norðanverðu Urriðaholti.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar er varðar landnotkunarreit 5.04 VP í norðanverðu Urriðaholti. Tillagan skal send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

**12. 1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

**13. 2007239 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 42.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna fjölgunar íbúða úr 9 í 10 við Urriðaholtsstræti 42. Tillagan var auglýst og bærust engar athugasemdir Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga sbr. einnig 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Lóðarhafa skal bent á að við fjölgun íbúða kemur til greiðslu gjalds til uppbyggingar skóla- og íþróttamála samkvæmt samningi um uppbyggingu byggðar í Urriðaholti og nemur gjaldið kr. 860.672 á íbúð m.v. BVT 743,4 stig í nóvember 2020 og gjaldfellur við útgáfu á byggingarleyfi.

**14. 2010028 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi frávik frá deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Víkurgötu 23.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að þakpappi verði ysta byggingarefni á þaki en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmunum og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**15. 2009377 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur - sérstök búsetuúrræði.**

Lögð fram.

**16. 2009375 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur - stefna um íbúðarbyggð.**

Lögð fram.



17. 2010254 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur - endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð o.fl.  
Lögð fram.

18. 2009376 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur - nýr Skerjafjörður.  
Lögð fram.

Bæjarverkfræðingur vakti athygli á að tillagan gæti haft áhrif á staðsetningu skolpdælustöðvar sem er í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna Reykjavíkur, Kópavogs Seltjarnarness og Garðabæjar. Bæjarráð felur bæjarverkfræðingi að kanna málið nánar og eftir atvikum gera athugasemdir til að tryggja skaðleysi Garðabæjar komi til röskunar og kostnaðar vegna breytingar á staðsetningu og byggingar nýrrar dælustöðvar.

19. 2010107 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi erindi Kópavogsbæjar um drög að skógræktaráætlun á Lakheiði í Lækjarbotnum.  
Lögð fram.

20. 2010413 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til, 206. mál., dags. 23.10.20.  
Lögð fram.

21. 2010485 - Bréf Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins varðandi fjárhagsáætlun 2021, dags. 16.10.20.  
Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Lagt fram rekstraruppgjör janúar - ágúst 2020.

Björg Fenger, fulltrúi í stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sagði frá stöðu vinnu við framtíðarsýn og uppbyggingu á skíðasvæðunum.

22. 2010425 - Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um málþing á vefnum um íbúasamráð, dags. 26.10.20.  
Lögð fram.

23. 1912077 - Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi kæru á synjun byggingarleyfis að Reynilundi 11  
Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem fram kemur að kæru vegna synjunar á byggingarleyfi er vísað frá úrskurðarnefndinni.

24. 2010506 - Bréf Golfklúbbsins Odds varðandi áhyggjur af aukinni umferð á "flóttamannaleið", dags. 27.10.20.  
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúum og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

**Fjölskylduráð Garðabæjar**  
**10. fundur 2020**

Miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, Umsjónarfélagaráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2005424 - Starfshópur - að tryggja eftirfylgni með stöðu barna e-COVID 19**

Mál nr. 2005424 lagt fram, eftirfylgni með stöðu barna vegna COVID 19. Hildigunnur Árnadóttir fer yfir þau gögn sem fyrir liggja um stöðu barna og þær aðgerðir sem þegar hefur verið farið í og tillögur að mikilvægum skrefum. Fjölskylduráð lýsir yfir ánægju sinni með vinnu starfshópsins, leggur áherslu á hann starfi áfram og veiti upplýsingar um stöðu mála til bæjarráðs og þeirra nefnda á vegum bæjarins sem fara með málefni barna í Garðabæ.

**2. 2009546 - Beiðni um úttekt á stuðningsfjölskyldu**

Mál nr. 2009546 lagt fram, beiðni um úttekt á stuðningsfjölskyldu. Mælir fjölskylduráð Garðabæjar með útgáfu stuðningsfjölskylduleyfis til umsækjenda. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

**3. 2009283 - Beiðni um úttekt á stuðningsfjölskyldu í barnavernd**

Tekið er fyrir mál nr. 2007267, beiðni Keðjunnar hjá Reykjavíkurborg um úttekt vegna umsóknar um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda. Fyrir liggur greinargerð ráðgjafa í barnavernd. Mælir fjölskylduráð Garðabæjar með útgáfu stuðningsfjölskylduleyfis til umsækjenda. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

**4. 1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun**

Mál nr. 1911163, Lýðræðisstefna Garðabæjar, lagt fram til umræðu. Farið var yfir stöðu málsins, framvindu þess og gerð grein fyrir fyrirhugaðri tímalínu.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Leikskólanefnd Garðabæjar**  
**17. fundur 2020**

Miðvikudaginn 7. október 2020 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2009270 - Þróunarsjóður leikskóla - Söngpokar - yngstu börn leikskólans**

Lagt fram

**2. 2009263 - Þróunarsjóður leikskóla - Tökum skrefin saman- yngstu börn leikskólans**

Lagt fram

**3. 2009274 - Þróunarsjóður leikskóla - Tæknitaska - Töfrandi heimur tækninnar**

Lagt fram

**4. 2009258 - Þróunarsjóður leikskóla - Núvitund fyrir alla - berjumst gegn Covid-19 tengdri streitu og skammdegispunglyndi**

Lagt fram

**5. 2006085 - Þróunarsjóður leikskóla - yfirferð umsókna**

Teknar voru til afgreiðslu umsóknir í Þróunarsjóð leikskóla. Alls bárust fjórar umsóknir að upphæð kr. 3.833.000. Leikskólanefnd leggur til að þrjú verkefni hljóti styrk að upphæð kr. 3.120.000.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Leikskólanefnd Garðabæjar**  
**18. fundur 2020**

Miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs, Ásta Kristín Valgarðsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Benedikt D. Valdez Stefánsson fulltrúi foreldra og Kristín Þóra Garðarsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2010211 - Covid 19 staðan í leikskólum**

Leikskólanefnd var upplýst um áhrif COVID 19 á starfsemi leikskóla.

**2. 2010194 - Ársskýrslur leikskóla**

Ársskýrslur lagðar fram til umfjöllunar.

**3. 2008612 - Forvarnarvika í Garðabæ 2020**

Greint var frá fræðsluefni sem unnið var fyrir leikskólastigið í tilefni af forvarnarviku. Leikskólanefnd lýsir ánægju með gerð efnisins.

**4. 2010253 - Nýr leikskóli í Urriðaholti**

Leikskólanefnd var upplýst um undirbúning að nýjum leikskóla í Urriðaholti.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

## Íþróttá- og tómsundaráð Garðabæjar 23. fundur 2020

Föstudaginn 23. október 2020 kl. 15:00 kom íþróttá- og tómsundaráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður og Kári Jónsson íþróttá-, tómsunda- og forvarnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttá-, tómsunda- og forvarnarfulltrúi.

Gestir fundarins voru forstöðumenn félagsmiðstöðvanna Klakans, Elítunnar og Garðalundar og fulltrúar Ungmennaráðs Garðabæjar.

Guðjón Pétur Lýðsson vék af fundi af persónulegum ástæðum áður en 8. liður kom á dagskrá.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 2008612 - Forvarnarvika í Garðabæ 2020

ÍTG þakkar öllum sem komu að framkvæmd forvarnavikunnar 2020. Nokkur röskun varð á dagskrá vegna samkomutakmarkana. Sumum dagskrárliðum var frestað og verða framkvæmdir þegar hægt verður. Framleiðsla leikins efnis Ungmennaráðs tókst sérlega vel, einnig efni ætlað leikskólunum. Fram kom ánægja fulltrúa Ungmennaráðs að fá að taka svona viðamikil verkefni að sér og að geta tengt efnið við sinn eigin reynsluheim.

### 2. 2004226 - Áhrif Covid 19 á rekstur íþróttafélaga í Garðabæ

Umræður um áhrif Covid 19 og þær takmarkanir sem hafa verið á skipulagt íþróttá- og tómsundastarf barna og ungmenna og hvort slíkt leiði til brottfalls. Farið var yfir úttekt Stjórnunnar á stöðu skráninga í starfi deilda og útistandandi æfingagjöld.

### 3. 2010177 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar

Lísa Bergdís Arnarsdóttir kt.1102022530 hlýtur ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- vegna Færeyjaferðar með U-18 HSÍ 31.7.-3.8.2020

### 4. 2005102 - Guðrún Fjóra Guðmundsdóttir - Umsókn fyrir 19. júní

ÍTG fagnar verkefni um Frisbígolf fyrir konur á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem verkefnið fór ekki í gang að fullu hvetur ÍTG hópinn til að sækja um aftur næsta vor þegar auglýst verður eftir umsóknum.

### 5. 2009552 - Úthlutun úr 19. júní sjóði

Sagt var frá fundi með framkvæmdastjórum Stjórnunnar, UMFÁ og afreksstjóra GKG um hugmyndir að "eflingu fyrirmynda í kvennaíþróttum" bæði inn á við í starfi félaganna og út á við gagnvart almenningi.

ÍTG samþykkir að hefja undirbúning að slíku verkefni þvert á íþróttafélög í Garðabæ.

### 6. 2010153 - Stofnun kvennaliðs KFG

Fjallað var um styrkbeiðni vegna stofnunar kvennaliðs KFG. ÍTG hefur óskað eftir nánari upplýsingum um málið.

### 7. 2010241 - Sporið - útivistarverkefni

ÍTG tekur jákvætt í samstarf við Sporið um lagningu skíðagönguspora í Vífilsstaðahlíð með tengingu við aðra stíga í Heiðmörk til að auka útivistarmöguleika Garðbæinga að vetrarlagi. Íþróttafulltrúa var falið að vinna að málinu með umhverfisdeild Garðabæjar.

#### **8. 2001317 - Rekstrarstyrkir KFG 2020**

Afgreiðslu erindisins um viðbótar styrk frestað til sameiginlegrar umræðu um fjárhagsvanda íþróttafélaga við gerð fjárhagsáætlunar.

Önnur mál:

- a) Forstöðumenn fóru yfir starfsemi félagsmiðstöðvanna Klakans, Elítunnar og Garðalundar
- b) Staða framkvæmda við íþróttamannvirki Garðabæjar í Vetrarmýri, vallarsvæðið við Breiðumýri og íþróttahúsið Breiðumýri auk íþróttasalarins og sundlaugarinnar í Mýrinni.
- c) Lagt var til að bæta við og laga hreystitæki við göngustíginn við Vífilsstaðavatn.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## **Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**

### **25. fundur 2020**

Mánudaginn 2. nóvember 2020 kl. 16:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### **2. 2010503 - Rafrænir menningarviðburðir - Menning í Garðabæ**

Menningarfulltrúi kynnti rafræna viðburði sem fjalla um tónlist, hönnun, bæjarlistamenn Garðabæjar, myndlist, bókmenntir, útilistaverk, arkitektúr o.fl. Nokkrir viðburðir hafa verið teknir upp og eru aðgengilegir á heimasíðu bæjarins og á <http://vimeo.com/menningigardabae>. Aðrir eru í vinnslu og enn aðrir á undirbúningsstigi. Menningarfulltrúi birtir viðburðina á vimeo rásinni í kjölfar upptöku og tæknivinnslu þeirra. Efnið hefur fengið fastan samastað á heimasíðu Garðabæjar auk þess sem menningarfulltrúi deilir þeim á facebook síðu bæjarins.

#### **3. 2008518 - Menningardagskrá fyrir skólahópa-staða mála**

Menningarfulltrúi fór yfir stöðu mála í ljósi hertra Covid-19 samkomutakmarkana. Móttöku skólahópa hefur verið frestað. Dagskrá færast flest til eða er aðlöguð í samráði við viðkomandi listamenn og skólasamfélagið í bænum.

#### **4. 2010505 - Vetrarhátíð 2021 - Safnanótt og sundlauganótt**

Menningarfulltrúi sagði frá fundum menningarstjórnenda alls höfuðborgarsvæðisins þar sem hefur verið lögð áhersla á lýsingu á byggingar og að veita myndlistarmönnum færi á að skapa og sýna vídeóverk á byggingum í sveitarfélögum. Bjarndís stakk uppá að skoðað verði að varpa listaverki á gafl á fjölbýlishúsi eða t.d. Ikea. Ekki verður að svo komnu máli skipulögð dagskrá í söfnum einsog venjan er.

#### **5. 2011026 - Umsókn um styrk v. tónlistarverkefnis**

Menningarfulltrúi kynnti umsókn sem borist hefur frá ungum Garðbæingi þar sem sótt er um fjárhagslegan stuðning til að fjármagna gerð tónlistarmyndbands og útgáfu tónlistar sem tileinkuð verður börnum. Umsókninni fylgdi tengill á vimeo myndband. Nefndin telur málið vera í anda rafræns viðburðahalds á vegum menningarfulltrúa á þeim tímum sem hendur listamanna varðandi tónlistarsköpun eru bundnar. Samþykkt að veita umsækjanda kr. 150.000 fjárfstyrk til verkefnisins gegn því að menningarfulltrúa verði heimilt að birta myndbandið á vimeorásinni Menning í Garðabæ.

#### **6. 2011031 - Menningar- og íþróttahátíð í Garðabæ vorið 2022**

Menningarfulltrúi hefur rætt málið sem er á frumstigi við íþrótt- og tómstundafulltrúa bæjarins og þau hyggjast leggja yfir málið á næstunni. Menningarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

#### **7. 2008671 - Önnur mál menningarmála**



Rætt um aðventudagskrá á Covid-tímum en ekki er útlit fyrir að unnt verði að halda fjölmenna dagskrá utandyra eða innandyra á aðventu.  
Stefnt er að því að bjóða leikskóla- og grunnskólabörnum á jólatrésdagskrá á Garðatorgi ef slíkt samkomuhald verður leyft þegar kemur fram í desember.

#### **1. 2010043 - Fjárhagsáætlun 21-staða mála**

Menningarfulltrúi greindi frá stöðu mála varðandi vinnslu fjárhagsáætlunar 2021 en í ljósi Covid-19 hafa sveitarfélög fengið frest til að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks**  
**3. fundur 2020**

Fimmtudaginn 15. október 2020 kl. 09:00 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020

Fundinn sátu: Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Elín Hoe Hinriksdóttir aðalmaður, Þorkell Jóhannsson aðalmaður, Pála Marie Einarsdóttir og Hildigunnur Árnadóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, Umsjónarfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2005435 - Búsetukjarni Brekkuás 2, breyting á deiliskipulagi Hraunsholts**

Tekið er fyrir mál nr.2005435 - búsetukjarni að Brekkuási 2. Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri situr fundinn undir þessum lið.

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri kynnir tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásahverfis (Hraunsholt vestra) vegna fyrirhugaðs búsetukjarna í Brekkuási 2. Búsetukjarninn gerir ráð fyrir 6 íbúðum ásamt aðstöðu fyrir starfsfólk.

Skipulagsstjóri gerir grein fyrir málinu og mögulegum staðsetningum fyrir fleiri búsetukjarna. Fram kom athugasemd varðandi staðsetningar og hvort ekki komi til álita að kaupa einstaklingsíbúðir í stað áherslna á kjarna. Því var einnig velt upp hver raunveruleg nýting væri á sameiginlegu rými í kjarnanum á Unnargrund og hvort ekki væri tilefni til að tengja það rými, starfsmannarými, Bent var á hvort ekki væri unnt að úthluta í íbúðirnar fyrir og tryggja þannig þátttöku væntanlegra íbúa hönnunarferlinu. Samráðshópurinn leggur áherslu á að unnið verði markvisst að undirbúningi fleiri fjölbreyttra búsetuúrræða fyrir fatlað fólk Garðabæ.

**2. 1909412 - Reglur um stuðningsþjónustu/reglur um skammtímadvöl**

Tekið fyrir mál nr. 1909412 reglur um skammtímadvöl. Lagt fram til kynningar og rætt.

**3. 2008406 - Ný gæðaviðmið fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk.**

Tekið fyrir mál nr. 1911375 stefna Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar. Stofnunin tók til starfa í maí 2018 og hefur stefnan verið í mótun frá hausti 2018. Samráðshópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að stöðlum sem þessum verði fylgt eftir og komist til raunverulegra framkvæmda. Í stefnunni koma fram gildi stofnunarinnar, hlutverk, sýn og verkefni. Lagt fram og rætt.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

## **Skipulagsnefnd Garðabæjar**

### **11. fundur 2020**

Fimmtudaginn 29. október 2020 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.**

Skipulagsráðgjafar Jóhanna Helgadóttir hjá Eflu, Sigurður Einarsson hjá Batteríinu og Þráinn Hauksson hjá Landslagi kynntu hugmyndir að viðbrögðum við innsendum athugasemdum og umsögnum. Vísað til frekari úrvinnslu.

**2. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag**

Skipulagsráðgjafar og skipulagsstjóri kynntu hugmyndir að viðbrögðum við innsendum athugasemdum og umsögnum. Vísað til frekari úrvinnslu.

Lagðar fram tillögur að götuheitum í Hnoðraholti.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagðar tillögur skipulagsstjóra að götuheitum.

**3. 1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.**

Skipulagsráðgjafar og skipulagsstjóri kynntu hugmyndir að viðbrögðum við innsendum athugasemdum og umsögnum. Vísað til frekari úrvinnslu.

**4. 1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.**

Skipulagsráðgjafar og skipulagsstjóri kynntu hugmyndir að viðbrögðum við innsendum athugasemdum og umsögnum. Vísað til frekari úrvinnslu. Lögð fram tillaga að götuheitum.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagðar tillögur skipulagsstjóra að götuheitum.

**5. 2008336 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 5. Urriðaholt 5.04 Vp.**

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til landnotkunarreitsins 5.04.Vp í norðanverðu Urriðaholti að lokinni forkynningu í samræmi við 2. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsagnir og ábendingar sem borist hafa lagðar fram.

Tillagan hefur verið uppfærð eftir forkynningu en er að efni til óbreytt.

Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna í samræmi við 31. grein Skipulagslaga að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar.

**6. 1811125 - Urriðaholt Norðurhluti 4 - deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 að lokinni forkynningu ásamt umsögnum og ábendingum sem borist hafa. Tillagan er lögð fram óbreytt efnislega en uppfærð hvað ferlið varðar.

Þegar að deiliskipulagstillagan verður staðfest fellur úr gildi deiliskipulag Urriðaholts viðskiptastrætis. Breytingar á deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 3 og Austurhluta þar sem afmörkun svæðanna var breytt til aðlögunar að deiliskipulags Urriðaholts Norðurhluta 4 hafa tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda nr. 475/2020.

Skipulagsnefnd samþykkir auglýsingu tillögunnar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skal hún kynnt samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags.

**7. 2010333 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 7. Breyting á landnotkun v. búsetukjarna í Brekkuás**

Lögð fram tillaga að lýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem gerir ráð fyrir því að reitur fyrir samfélagsþjónustu 2.06 S sameinist reit fyrir íbúðarbyggð 2.04 Íb. Tillagan verði auglýst samhliða tillögu að breytingu deiliskipulags Hraunsholts vestra (Ásahverfis) sem gerir ráð fyrir að leikskólalóð breytist í lóð fyrir búsetukjarna fyrir fatlaða einstaklinga. Skipulagsnefnd samþykkir lýsingu í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**8. 2005435 - Búsetukjarni Brekkuás 2, breyting á deiliskipulagi Hraunsholts vestra**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hraunsholts vestra sem gerir ráð fyrir því að leikskólalóð við Brekkuás breytist í lóð fyrir búsetukjarna. Skipulagsstjóri gerir grein fyrir samráð við fjölskyldusvið um búsetuúrræði fyrir fatlað fólk.

Skipulagsnefnd óskar eftir því að tillögunni verði breytt þannig svigrúm til útfærslu byggingarinnar verði aukið m.a. með tilliti til þess að ákvörðun um aðkomu að íbúðum verði mótuð við hönnun hússins. Breytingartillagan mun nú hljóta kynningu samhliða tillögu að breytingu aðalskipulags.

**9. 2010080 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi**

Lögð fram sameiginleg lýsing á breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og á breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis sem gerir ráð fyrir breytingum á Garðaholti. Opið svæði 1.89 Op og Íbúðarsvæði 1.76 Íb breyta um lögum til samræmis við tillögur að breytingum deiliskipulags Garðahverfis. Tákn fyrir landnýtingu 1.81 M, 1.77 S og 1.80 S verða lagfærð en þau voru ranglega framsett á aðaluppdrætti aðalskipulagsins Meirhluti skipulagsnefndar samþykkir lýsingu í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Baldur Ó.Svavarsson hafnar framlagðri lýsingu og leggur fram eftirfarandi bókun:

"Undirritaður fulltrúi minnihlutans hefur marg varað við vanreifuðu einkavæddu deiliskipulagi Garðahverfis Enn eru kynntar breytingar á þessu skipulagi - nú í 10 liðum !

Hættan á skipulagslausri uppbygginu þessa svæðis er því sannlega fyrir hendi skv. þessum gögnum, líkt og varað hefur verið við. Þarna er að verða til enn eitt bútasamað skipulagið svo vitnað sé í þekkt orðfæri.

Enn skal minnt á að hér er fórnað einhverju glæsilegasta byggingasvæði á öllu höfuðborgarsvæðinu, í gæluverkefni, greitt af einkaaðila í bænum. Undirrituðum skilst þó að þessar kynntu breytingarnar séu kostaðar af bæjarsjóði í þetta sinn.

Fulltrúi G-lista Garðabæjarlistans í skipulagsnefnd."

**10. 2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.**

Lögð fram sameiginleg lýsing á breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis og Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-3030 og sem gerir ráð fyrir breytingum á Garðaholti. Opið svæði 1.89 Op og Íbúðarsvæði 1.76 Íb breyta um lögum til samræmis við tillögur að breytingum deiliskipulags Garðahverfis. Tákn fyrir landnýtingu 1.81 M, 1.77 S og 1.80 S verða lagfærð en þau voru ranglega framsett á aðaluppdrætti aðalskipulagsins Meirhluti skipulagsnefndar samþykkir lýsinguna í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Baldur Ó.Svavarsson hafnar framlagðri lýsingu og vísar til bókunar við fundarlið hér á undan.

**11. 2009627 - Hönnun - Útboð - Gatnagerð Hlið á Álftanesi**

Lögð fram umsókn tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar um framkvæmdleyfi vegna endurnýjunar aðkomuvegar og lagningu bílastæða að Hliði. Framkvæmdalýsing er í samræmi við deiliskipulag Hliðs og friðlýsingu fólkvangsins að Hliði. Með vísan í 13. gr. skipulagslaga samþykkir skipulagsnefnd veitingu framkvæmdaleyfis í samræmi við framlögð gögn en með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar.

**12. 2009569 - Hólmatún 56 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um útfærslu girðinga á lóðarmörkun. Tækni- og umhverfissvið hefur mælst til þess að skjólgirðingar taki mið af reglum um girðingar á Álftanesi eins og deiliskipulag kveður á um. Í grein 2.6. í þeim reglum segir að byggingarfulltrúa sé heimilt að leyfa hærri skjólgirðingar ef þörf krefur til skjólmyndunar. Málinu vísað til byggingarfulltrúa sem kalla skal eftir sjónarmiðum nágranna. Tækni- og umhverfissviði falið að móta tillögu að viðmiðunarreglum fyrir girðingar og skjólveggi í Garðabæ.

**13. 2009654 - Suðurtún 20 - skjólveggur -Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um hæð á skjólvegg á lóðarmörkun. Vísað er til þess að í nágrenninu rísi fjölbýlishús. Svar: Við mótun deiliskipulags í Breiðumýri var sérstaklega tekið tillit til athugasemdar um hæð fjölbýlishúss á þessum stað. Sett voru ákvæði um að á byggingarreit næst Suðurtúni yrði aðeins 1 hæð heimiluð. Skipulagsnefnd sér ekki ástæðu til þess að á þessum stað sé vikið frá því ákvæði í reglum um girðingu lóða á Álftanesi að hæð girðinga á lóðarmörkun að opnu svæði sé hærrí en 1,5 m. Tækni- og umhverfissviði falið að móta tillögu að viðmiðunarreglum fyrir girðingar og skjólveggi í Garðabæ.

**14. 2009161 - Asparlundur 2 - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir girðingum á lóðarmörkun. Samkomulag hefur náðst á milli lóðarhafa á Asparlundi 2 og Asparlundi 4 og hæð girðingar. Skipulagsnefnd telur að hæð og útfærsla girðingar á lóðarmörkun að götu þurfi að skoða betur. Vísað til frekari skoðunar. Tækni- og umhverfissviði falið að móta tillögu að viðmiðunarreglum fyrir girðingar og skjólveggi í Garðabæ.

**15. 2010380 - Skeiðakur 1 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu á bílastæði sem gerir ráð fyrir bílalyftu. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

**16. 2010028 - Víkurgata 23 - skilmálabreyting samkv meðfylgjandi bréfi - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem nær til lóðarinnar Víkurgata 23 sem gerir ráð fyrir því að pappi verði heimilaður sem ysta byggingarefni á þaki.

Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar.

Skipulagsnefnd telur að þakpappi getur vel verið í samræmi við markmið deiliskipulagsins um gott yfirbragð byggingar ef vandað er til útfærslunnar og að litur sé í gráskala. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis fyrir Víkurgötu 23 verði vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr.sömu greinar hvað þakpappa sem ysta byggingarefni varðar.

**17. 2010374 - Urriðaholtsstræti 14-20 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar um það hvort heimilað verði að fjölga um eina íbúð í fjölbýlishúsinu með því að skipta tveggja hæða íbúð upp.

Með vísan í umsögn telur skipulagsnefnd það koma til greina að fjölga íbúðum um eina en sækja verður um deiliskipulagsbreytingu með samþykki annarra eigenda hússins.

Sýna þarf fram á að viðbótarbílastæði megi koma fyrir á lóðinni.

**18. 2007239 - Urriðaholtsstræti 42, dsk breyting**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu að lokinni auglýsingu. Gert er ráð fyrir því að íbúðum í fjölbýlishúsinu Urriðaholtstræti 42 fjölgi úr 9 í 10 og fjölgar bílastæðum sem því nemur. Engar athugasemdir bárust. Tillagan því samþykkt í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**19. 2010441 - Keldugata 2, dsk br Urr.vesturhluti**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir að lóðirnar Keldugata 2 og Keldugata 4 sameinist í eina lóð með einum byggingarreit sem verður eins og nú er að Keldugötu 2. Heildarfjöldi íbúða yrði sá sami eða 9 íbúðir en nú í einu húsi.

Vísað til umsagnar hjá skipulagshöfundi og Urriðaholti ehf.

**20. 2009028 - Hönnun - Útboð - Útivistarstígur frá Vífilsstaðavatni að Grunnvatnaskarði**

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir gerð útivistarstígs frá Vífilsstaðavatni í Grunnvatnsskarð.

Óveruleg breyting deiliskipulags hefur tekið gildi og er umsókn í samræmi við hana. Þar sem umsókn gerir ráð fyrir því að stígurinn verði aðeins lagður upp í Grunnvatnsskarð þá leggur skipulagsnefnd til að stígurinn verði lagður þvert á reiðstíg og nokkuð lengra til suðurs. Mót reiðstígs og útivistarstígs verði útfærð þannig að öryggis sé gætt og að merkingar séu skýrar.

Með vísan í 13. grein skipulagslaga og framlögð gögn samþykkir skipulagsnefnd framkvæmdaleyfið með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar.

**21. 2010116 - Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnisflutninga.**

Lögð fram umsókn Urriðaholts ehf og Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa um framkvæmdaleyfi fyrir losun 49.500 m<sup>3</sup> jarðefnis úr Urriðaholti á svæði í norðvesturhorni golfvallarsvæðis.

Með vísan í 13. grein skipulagslaga og framlögð gögn veitir skipulagsnefnd

framkvæmdaleyfi.

22. **2009377 - Aðalskipulag Reykjavíkur. Breyting. Sérstök búsetuúrræði. Drög að breytingartillögu til kynningar**  
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna.
23. **2009375 - Aðalskipulag Reykjavíkur. Breyting. Stefna um íbúðarbyggð - stakir reytir.**  
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna.
24. **2009376 - Aðalskipulag Reykjavíkur. Breyting. Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu**  
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna.
25. **2010254 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 Endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040**  
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingartillöguna.
26. **2010107 - Skógræktaráætlun Lakheiði Lækjarbotnar**  
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við skógræktaráætlunina enda er þess gætt að tillit er tekið til vatnsverndarsjónarmiða.

**27. 2010038F - afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 12**

Fundargerð lögð fram. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir.

27.1 2009569 - Hólmatún 56 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Lagður fram tölvupóstur frá eigendum Hólmatúns 56 sem lýsa sig ósátta við þau skilaboð frá skipulagsstjóra að þeim beri að reisa girðingar samkvæmt deiliskipulagi og reglum um girðingar á Álftanesi.

Eigendur tína til ýmis dæmi um skjólveggi og girðingar á Álftanesi þar sem hafa verið reistar og eru ekki í samræmi við skipulag.

Vísad til umræðu í skipulagsnefnd.

27.2 2008010 - Litlabæjarvör 21 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Lögð fram byggingarleyfisumsókn að einbýlishúsi að Litlubæjarvör 21.

Á meðan að hámarkshæð húss með flötu þaki er 3,5 m þá gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við hæð hússins.

Með vísan í reglur um girðingar á Álftanesi gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi víki frá kröfu um hæð skjólveggjar við inngang sbr. Reglur um girðingu lóða á Álftanesi grein 2.6.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

27.3 2008067 - Litlabæjarvör 23 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Lögð fram byggingarleyfisumsókn að einbýlishúsi að Litlubæjarvör 23.

Á meðan að hámarkshæð húss með flötu þaki er 3,5 m þá gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við hæð hússins.

Með vísan í reglur um girðingar á Álftanesi gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi viki frá kröfu um hæð skjólveggjar við inngang sbr. Reglur um girðingu lóða á Álftanesi grein 2.6.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

- 27.4 2009654 - Suðurtún 20 - skjólveggur -Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimilað verði að reisa skjólveggi á lóðarmörkum 1,8 m. Vísað til umfjöllunar í Skipulagsnefnd.

- 27.5 2009276 - Brekkuskógar 9 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi þar sem sótt er um að breyta óuppfylltu rými í geymslu-og þvottarými. Gluggi verður settur á geymslu.

Ekkert deiliskipulag er í gildi við Brekkuskóga. Samþykki annarra eigenda fyrir umsókninni hússins liggur fyrir.

Skipulagsstjóri vísar umsókninni til grenndarkynningar í samræmi við 1.mgr.44.grein skipulagslaga nr.123/2010. Grenndarkynna skal eigendum Brekkuskóga nr. 7, 8,10, 11 og 12.

- 27.6 2003173 - Haukanes 24 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar vegna óuppfylltra gluggalausra rýma á neðri hæð. Þau reiknast þá ekki með við útreikning nýtingarhlutfalls þar sem að grenndaráhrif þeirra rýma eru hverfandi. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

- 27.7 2010246 - Grenilundur 10 og 12 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Skipulagsstjóri vísar tillögu að breytingu byggingarreita húsanna til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu á deiliskipulagi Lunda skv. 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123 2010. Grenndarkynna skal eigendum Greinilundar 7,8,9 og 11 sem og Einilundar 7 og 9. Leggja skal fram breytingaruppdrátt deiliskipulags ásamt skýringarmynd sem grenndarkynnt verða.

- 27.8 2008230 - Dalsbyggð 21 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Tillaga lögð fram að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 44.gr. Skipulagslaga þar sem ekkert deiliskipulagi er í gildi við Dalsbyggð.

Engar athugasemdir hafa borist.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

- 27.9 2007070 - Seinakur 8 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**



Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja á 60 % útbyggingarreits til vesturs. Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Seinakurs 3, 5 6 og 10 sem og Stórákurs 5,7 og 9.

27.10 2006442 - Smádreifistöð við Maltakur

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags íþrótt- og skólasvæðis við Skólbraut sem gerir ráð fyrir lóð fyrir smádreifistöð Veitna. Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags og vísar til grenndarkynningarþ. Grenndarkynna skal stjórnendum Fjölbrautarskóla Garðabæjar.

27.11 1910059 - Keldugata 1 -Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Vísað til frekari skoðunar.

27.12 2008275 - Maríugata 23-29 breyting á þaki - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Austurhluta Urriðaholts sem gerir m.a. ráð fyrir breytingum á þakhalla. Lögð fram gögn þar sem eigendur þeirra eigna sem grenndarkynning nær til hafa staðfest með áritun sinni að þeir geri ekki athugasemd við tillöguna.

Tillagan skoðast því samþykkt.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

27.13 2010028 - Víkurgata 23 - skilmálabreyting samkv meðfylgjandi bréfi - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Lögð fram tillaga um breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir því að þakpappi verði heimilaður. Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar og Urriðaholts ehf.

27.14 2010374 - Urriðaholtsstræti 14-20 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir því að íbúð fjölgi um eina þar sem tveggja hæða íbúð verði skipt upp. Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar og Urriðaholts ehf.

27.15 2009649 - Útivistarstígur frá Vífilsstaðavatni að Grunnuvatnaskarði. Breyting á deiliskipulagi Heiðmerkur

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Heiðmerkur sem vísað var til grenndarkynningar hjá Landsneti og Umhverfisstofnun. Lögð fram erindi þeirra sem grenndarkynning nær til þar sem fram kemur að ekki eru gerðar athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna.

Í samræmi við 3.mgr.44.gr.skipulagslaga er tími grenndarkynningar hér með stytur. Tillagan skoðast því samþykkt. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

27.16 2009028 - Hönnun - Útboð - Útivistarstígur frá Vífilsstaðarvatni að Grunnuvatnaskarði

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12**

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að framkvæmdaleyfi sé veitt þegar auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingar hefur birst í B-deild Stjórnartíðinda.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Umhverfisnefnd Garðabæjar**  
**26. fundur 2020**

Miðvikudaginn 14. október 2020 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufraeðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2009607 - Veiðikortið 2021**

Umhverfisnefnd leggur til að samstarfi við Veiðikortið verði haldið áfram árið 2021.

**2. 2009147 - Aðgerðaráætlun í plastmálefnum**

Lagt fram.

**3. 2010107 - Skógræktaráætlun Lakheiði Lækjarbotnar**

Lagt fram. Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða skógrækt á Lakheiði Lækjabotnum.

**4. 2009650 - Áform um friðlýsingu Urriðakotskrauns**

Lagt fram. Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við friðlýsingaráformin.

**5. 2005408 - Mengunarmælingar 2020**

Lagt fram. Áfram verður fylgt aðgerðaráætlun.

**6. 2010050 - Fjárhagsáætlun 2021.**

Umhverfisnefnd leggur fram tillögur til fjárhagsáætlunar 2021.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

260. fundur 19. október 2020.

## Fundargerð

Fundurinn var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 28. september á skrifstofu heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5 í Garðabæ. Fundurinn hófst kl.16:30 og fór fundurinn fram með rafrænum hætti í samræmi við fyrri samþykktir nefndarinnar. Mættir voru nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar sem jafnframt ritaði fundargerð.

### 1. Skipulagsmál

#### 1.1. Áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns

Lagðar fram tillögur Umhverfisstofnunnar í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa sem eru landeigendur um friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ, í samræmi við 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd.

*Heilbrigðisnefnd fagnar þeim áformum sem kynnt eru um friðlýsingu Urriðakotshrauns enda býr svæðið yfir fjölbreyttum náttúruminum og í því felast miklir möguleikar til útivistar og náttúruskoðunar. Heilbrigðisnefnd vill þó benda á mikilvægi þess að samráð sé haft samband við nágrannasveitarfélög þegar kemur að breyttu skipulagi þar sem um sameiginlega hagsmuni er að ræða þegar kemur að framtíðar möguleikum á ofanbyggðarvegi sem er mikil samgöngubót fyrir allt höfuðborgarsvæðið.*

#### 1.2. Reykjanesbraut tvöföldun frá Krísuvíkurvegi til Hvassahraun. Drög að matskýrsla.

Lagt fram erindi Bergrósar Örne Sævarsdóttur umhverfisverkfræðings frá Mannviti þar sem óskað er eftir að heilbrigðiseftirlitið kynni sér verkefnið og leggi fram ábendingar eða athugasemdir við tillögu að matsáætlun fyrir breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni.

*Í drögnum er listaðir upp þættir sem fá munu frekari skoðun og mat í matsáætlun, þar með talið mikilvægir umhverfisþættir eins og hljóðvist, loftgæði, vatnafar og vatnalíf. Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi drög að tillögu að matsáætlun. Nefndin fagnar áformuðum vegabótum sem stuðla mun að mun meira umferðaröryggi og betra umferðarflæði.*

#### 1.3. Skógræktaráætlun Lakheiði og Lækjabotna.

Lagt fram erindi Berglindar Óskar Kjartansdóttur hjá Skipulagi Kópavogs, þar sem óskað er eftir umsögn um drög að skógræktaráætlun vegna áforma um skógrækt á Lakheiði í Lækjarbotnalandi.

*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi drög að skógræktaráætlun 2020, Lakaheiði/Lækjarbotnaland. Nefndin minnir á að áformuð ræktun er á grann- og fjarsvæði vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdin verður leyfis skyld hjá heilbrigðisnefnd, samkv. ákvæðum heilbrigðissamþykktar 555/2015.*

## 2 Starfsleyfi

### Garðabær

#### 2.1 Lyngás 17, Garðabær – þvottahús

Lögð fram umsókn Pálmars Óla Magnússonar, f.h. Dagar hf., kt. 460999-2439, dags. 15.10.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir þvottahús að Lyngási 17, Garðabæ.

Fasteignanr: 2071459. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 14.10.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

#### 2.2 Skeiðarás 3, Garðabær – vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Hinriks Laxdal, f.h. Íspartar-Vélavit ehf., kt. 430908-0810, dags. 29.09.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir vélaverkstæði að Skeiðarási 3, Garðabæ.

Fasteignanr: 2072120. Endurnýjun.

Minnisblað dags. 15.10.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 07.10.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 07.10.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

### Hafnarfjörður

#### 2.3 Bæjarhraun 10, Hafnarfjörður framleiðsla matvæla.

Lögð fram umsókn Jóns Arnar Stefánssonar, f.h. Matarbúrið ehf., kt. 540809-0110, dags. 07.10.2020 þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu matvæla að Bæjarhrauni 10, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2074264. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 08.10.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.4 Hjallabraut 33, Hafnarfjörður – fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Kristjönu Kjartans Arnardóttur, kt. 120262-2629, dags. 13.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðastofu að Hjallabraut 33, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2075542.

Breyting á starfsemi, var snyrtistofa.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.5 Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfjörður – vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Hrafns Helgasonar, f.h. Cyltech ehf., kt. 671217-0550, dags. 30.09.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir vélaverkstæði að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 01 0206.

Ný starfsemi.

Minnisblað dags. 15.10.2020

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.10.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### *2.6 Melabraut 29, Hafnarfjörður dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Katrínar Helgu Kristinsdóttur, f.h. Lífsins Vatn ehf., kt. 560920-0590, dags. 29.09.2020 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Dalsbyggð 7, Garðabæ, starfstöð Melabraut 29, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 223-935. Ný starfsemi.

Vörugæymsla og vörudreifing er frá vöruhótelu. Isetransport ehf, Selhelli 9, Hafnarfirði.

*Með vísun til ákvæða matvælaeignagerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

### *2.7 Reykjavíkurvegur 66, Hafnarfjörður veitingastaður*

Lögð fram umsókn Quang Lé, f.h. Wok On Mathöll ehf., kt. 580118-0620, dags. 06.10.2020 þar sem sótt er um leyfi til til reksturs veitingastaðar að Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2078661. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.10.2020.

Bréf sent byggingafultrúa dags. 08.10.2020.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.*

### *2.8 Skútahraun 3, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Jörundar Jökulssonar, f.h. Bílastöðin ehf., kt. 441116-0630, dags. 15.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Skútahrauni 3, Hafnarfirði. Fasteignanr: 2291048.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 15.10.2020.

Bréf sent byggingafultrúa dags. 15.10.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.*

### *2.9 Stapahraun 1, Hafnarfjörður – sprautu- og réttlingaverkstæði*

Lögð fram umsókn Alberts Einarssonar, f.h. Bílamálun Alberts ehf., kt. 430804-2510, dags. 06.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiðasprautu- og réttlingaverkstæði að Stapahrauni 1, Hafnarfirði.

Fasteignanr: 2079279

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.10.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### *2.10 Sólvangsvegur 2, Hafnarfjörður – fótaaðgerðastofa*

Lögð fram umsókn Söndru Hrannar Hafþórsdóttur, kt. 060385-2469, dags. 05.10.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Sólvangsvegi 2, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2076501 eða 2076502. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafultrúa dags. 08.10.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er mælt með starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

### *2.11 Tjarnarbraut 30, Hafnarfjörður – leikskóli*

Lögð fram umsókn Sigbrúðar Sigþórsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 29.09.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með móttökueldhúsi að Tjarnarbraut 30, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2076499. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.09.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeagluga er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

## **Kópavogur**

### *2.12 Holtasmári 1, Kópavogur – læknastofa*

Lögð fram umsókn Axels Sigurðssonar, f.h. Hjartamiðstöðin ehf., kt. 431008-0330, dags. 16.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir læknastofu að Holtasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. 3.hæð. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.05.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttaregluga er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### *2.13 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Magnúsar Reyr Agnarssonar, f.h. Veganmatur ehf., kt. 5905170460, dags. 29.09.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.09.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaeagluga er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

### *2.14 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Kristínar Clausen, kt. 140578-4369 f.h. KAKÓA., dags. 30.09.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvælaeagluga er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

### *2.15 Smiðjuvegur 4, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Wojciech Wróblewski, kt. f.h. Yerbe.is., kt. 160490-3229, dags. 12.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Smiðjuvegi 4, Kópavogi.

Fasteignanr. F27. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.10.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaeagluga er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykktri notkun fasteignar.*

### *2.16 Vesturvör 22, Kópavogur – dreifing matvæla / veitingavagn*

Lögð fram umsókn Petrínu Sigrúnar Helgadóttur, f.h. Bílaforritun, kt. 510820-0530, dags. 05.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælavagn með aðsetur að Vesturvör 22, Kópavogi.

Fasteignanr. 2065903. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 08.10.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerða er mælt með starfsleyfi til allt að 4 ára, með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### **2.17 Vesturvör 22, Kópavogur – rafvélaverkstæði**

Lögð fram umsókn Petrínu Sigrúnar Helgadóttur, f.h. Bílaforritun, kt. 510820-0530, dags. 05.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir rafvélaverkstæði að Vesturvör 22, Kópavogi.

Fasteignanr. 2065903. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.10.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 08.10.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 12.10.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

### **3 Umsagnir**

#### **Hafnarfjörður**

##### **3.1 Brekkugata 13, Hafnarfjörður - minna gistiheimili rekstrarleyfi**

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.28.09.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Eyglóar Gunnarsdóttur, kt. 200252-3229, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir Minni gistiheimili í fl. II, B-13 að Brekkugötu 13, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 10.04.2019.

*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 29.10.2012.*

##### **3.2 Flatahraun 5a, Hafnarfjörður - veitingastaður**

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.15.10.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Burger-inn ehf., kt. 650111-0360, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II að Flatahrauni 5a, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 30.07.2020.

*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 20.06.2011.*

#### **Kópavogur**

##### **3.3 Hlíðasmári 3, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi**

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.09.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Café Atlanta ehf., kt. 700112-0390, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, að Hlíðasmára 3, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.09.2020.

*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 03.04.2012.*

### **4 Tóbaksleyfi**

#### **4.1 Smáratorg 1, Kópavogur – söluturn**

Lögð fram umsókn fyrir Rakkaberg ehf., kt. 570902-3180, dags. 09.10.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Ísel Smáratorgi 1, Kópavogi.

*Jákvæð umsögn staðfest.*

### **5 Önnur mál**

#### **5.1 Fjárhagsáætlun 2021 og tillaga að gjaldskrá fyrir árið 2021**

Framkvæmdastjóri kynnti forsendur fjárhagsáætlunar fyrir 2021 og lagði fram tillögu að tímagjaldi ársins 2021. Fram kom að nokkur óvissa gæti í áætlun vegna áhrifa Covid-19 og



hvenær viðspyrnu er að vænta og hjól atvinnulífsins fara að snúast að nýju með eðlilegum hætti. Áætlunin byggist á því að viðsnúningur verði í byrjun árs 2021 og hagvöxtur verði á árinu í samræmi við spá Hagstofunnar.

Heilbrigðisnefnd leggur til að tímagjald verði kr.18.000 og sýnatökugjald kr.18.500 og er það um 2,5% hækkun frá fyrra ári. Sú hækkun nær þó ekki að dekkja samningsbundnar launahækkanir á árinu og er gert ráð fyrir auknu framlagi sveitarfélaganna til rekstursins og hlutfall framlags sveitarfélaganna hækki um 2,5% frá fyrra ári. Árlegt eftirlitsgjald hunda verði kr.15.000 og eru þessar gjaldskrár hækkanir í samræmi við forsendur í starfsáætlun og í takt við áætlaðar verðlagsbreytingar á árinu 2020. Lagt er til að skráningargjald hunda falli niður og einungis verði innheimt eftirlitsgjald.

*Framlögð fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 samþykkt og send sveitarfélögunum til meðferðar ásamt tillögum um breytingar á gjaldskrá.*

Fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði og staðfesta nefndarmenn fundargerðina síðar með undirritun sinni.

Jón Haukur Ingvason

Linda Hrönn Þórisdóttir

Sigurður Grétarsson

Gnýr Guðmundsson

Ingibjörg Hauksdóttir

Elínbjörg Ingólfssdóttir

Fullgild rafræn undirskrift

**BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON**

Kennitala: 080560-3709  
2020-10-14 13:17:23 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**LÍF MAGNEUDÓTTIR**

Kennitala: 130874-6069  
2020-10-14 14:05:02 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**JÓNA SÆMUNSDÓTTIR**

Kennitala: 190358-2169  
2020-10-14 15:08:55 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**KOLBRÚN G ÞORSTEINSDÓTTIR**

Kennitala: 190867-5369  
2020-10-14 18:23:42 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**BIRKIR JÓN JÓNSSON**

Kennitala: 240779-5289  
2020-10-14 18:55:05 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**ÁGÚST BJARNI GARÐARSSON**

Kennitala: 290987-2539  
2020-10-19 12:26:47 GMT  
Ástæða: Undirskrift



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

### 434. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 9. október 2020. Fundurinn var settur kl. 09:17. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

#### Mætt:

Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestir á fundinum eru Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi í fjármálateymi SORPU, Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður og Páll Guðjónsson verkefnastjóri hjá SSH.

Allir fundarmenn sóttu fundinn með fjarfundarbúnaði.

Páll Guðjónsson kom inn á fund 09:45.

Ágúst Bjarni Garðarsson vék af fundi 10:08 og kom aftur á fund 10:13.

Birgir Björn Sigurjónsson vék af fundi klukkan 11:00.

#### Tekið fyrir:

#### 1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Birgir Björn Sigurjónsson gerir grein fyrir tillögum fjármálateymis SORPU. Tillögurnar ræddar.

#### 2. Áætlun 2021

Rædd undir lið 1.

#### 3. Önnur mál

Engin önnur mál eru rædd.

#### 4. Næsti fundur

Næsti fundur var ekki tímasettur.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 11:12 9. október 2020.


SORPA bs

## Skýrsla framkvæmdastjóra

Lögð fram á stjórnarfund 434 föstudaginn 9. október 2020

*Skýrsla framkvæmdastjóra rekur helstu mál sem verið hafa á döfinni í starfi framkvæmdastjóra frá síðasta stjórnarfund.*

- Vinnslulína MTFS er búinn að vera í stöðugri notkun hartnær 2 vinnuvikur - eða síðan lína 3 komst aftur í notkun eftir að tennur í finhakkara brotnuðu. Þar er um að ræða ábyrgðarmál og viðræður standa yfir við framleiðanda um viðbrögð við þessum vanda sem stafar trúlega af ofherslu í tönnum. Afleitt vandamál af tannbrotum var að öxlar í tættara skemmdust og hefur framleiðandi strax sett í ferli að framleiða nýja öxla. Starfsmenn viðhalds eru í stöðugri vinnu við reyna að bæta búnaðinn og bæta þéttingar á milli tækja vinnslulínunnar en það hefur komið á óvart og valdið vanda hve gríðarlega mikill úrgangur fellur á gólfin í vinnslusalnum og safnast upp. Þrif eru umtalsverð og þarf að taka á þessu í rekstraráætlunum MTFS.
- Uppkeyrsla GAJA gengur samkvæmt áætlun. Efnistraumur frá MTFS er að verða stöðugri, gasframleiðslan ætti því að fara að komast í betra jafnvægi en tilraunir með hreinsun á hauggasi frá GAJA hafa staðið yfir síðan um miðjan september og segja má að GAJA hafi því skilað jákvæðum umhverfisáhrifum allt frá þeim tíma. Ýmis tæknileg vandamál hafa komið upp, varðandi gasgæði og vegna hönnunar og frágangs verktaka. Öll eru þau vel leysanleg en einhver ágreiningur er þó uppi um ábyrgð og einhver aukalegur kostnaður fyrirsjánlegur. Vinnslan gengur þó almennt vel, en mikilvægasta verkefnið þar er að samhæfa vinnsluna í GAJA og MTFS, þetta er verkefni sem stjórnendur GaJa og MTFS vinna saman.
- Skrifað hefur verið undir nýjan kjarasamning við stéttarfélagið Eflingu. Í megindráttum byggir hann á samningi Reykjavíkurborgar við Eflingu en þó þurfti að semja um ýmis sértæk mál er vörðuðu samlagið. Samningurinn felur í sér verulegar kjarabætur fyrir starfsmenn Eflingar, en að sama skapi verulegan kostnaðarauka í rekstri samlagsins.
- Fjárhagsáætlun samlagsins 2021-2025 hefur verið í þróun allt frá því í sumar. Gerbreytt ástand efnahagsmála í íslensku samfélagi hefur sett sitt mark á þróun áætlunarinnar, sér í lagi á seinni stigum. Eigendur samlagsins hafa nú komið sér saman um forsendur áætlanagerðarinnar og fyrir liggur fjárhagsáætlun sem vonir standa til að megi afgreiða sem fyrst.
- Ánægjulegum áfanga var náð í þeirri viku sem nú er að líða þegar netverslun Góða hirðisins var formlega opnuð. Hún tekur við af netsölu á Facebook síðu verslunarinnar sem haldið hefur verið úti með góðum árangri frá því í vor. Í viðtali við Morgunblaðið 7. október benti Ruth Einarsdóttir rekstrarstjóri á að verslunin sé ekki rekin í hagnaðarskyni heldur til að stuðla að sjálfbærni með því að veita notuðum hlutum framhaldslíf og draga úr sóun. Öllum ágóða er úthlutað til góðgerðarmála. Því má bæta við að netverslunin fór aleillis frábærlega af stað og á fyrsta degi seldust í raun upp allar vörur sem boðnar voru þar til sölu.
- Sóttvarnareglur vegna covid hafa haft áhrif á vissar starfsstöðvum samlagsins á síðustu dögum, til dæmis hefur takmörkun á fjölda viðskiptavina í Góða hirðinum tafarlaust áhrif á reksturinn. Allar starfsstöðvar hafa aðlagð starfsemi sína að sóttvarnareglum, sem hafa verið að herðast undanfarna daga. Fyrir liggja viðbragðsáætlanir um til hvaða ráða skuli grípa ef smit kemur upp á starfsstöðvum samlagsins.



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

435. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 15. október 2020. Fundurinn er settur klukkan 14:04. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

**Gestir á fundinum** eru Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi í fjármálateymi SORPU, Ari Karlsson lögmaður, Erik Tryggvi Striz Bjarnason, ráðgjafi í fjármálateymi SORPU, Erlendur Gíslason lögmaður, Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður og Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður.

Birgir Björn Sigurjónsson og Erik Tryggvi Striz Bjarnason sækja fundinn undir liðum 1, 2 og 3.

Ari Karlsson sækir fundinn undir lið 2.

Erlendur Gíslason og Eva Bryndís Helgadóttir sækja fundinn undir lið 5.

Allir fundarmenn sækja fundinn með fjarfundarbúnaði.

Ágúst Bjarni Garðarsson fer af fundi klukkan 15:30.

Jóna Sæmundsdóttir fer af fundi klukkan 16:55.

Tekið fyrir:

### 1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Liður 1 er ræddur samhliða lið 3.

### 2. Lögfræðialit vegna þjónustuskyldna og gjaldtökuheimilda samlagsins

Ari Karlsson gerir grein fyrir lögfræðialiti vegna þjónustuskyldna og gjaldtökuheimilda samlagsins. Minnisblaðið rætt.

### 3. Áætlun 2021

Birgir Björn Sigurjónsson, Erik Tryggvi Striz Bjarnason og Guðrún Eva Jóhannesdóttir kynna og gera grein fyrir fjárhagsáætlun SORPU fyrir árið 2021, dagsettri 15. október 2020, rekstraráætlun og tillögum að breytingum á gjaldskrá SORPU. Málið rætt og stjórn samþykkir að vísa fjárhagsáætluninni óbreyttri til afgreiðslu eigendafundar.



#### 4. Staða samstarfs við Ýmir technologies

Haraldur Flosi Tryggvason gerir grein fyrir stöðu samstarfs SORPU og Ýmir technologies. Málið rætt.

#### 5. Staðan í dómsmálum á hendur félagsins

Erlendur Gíslason gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu málshöfðunar ÍAV á hendur SORPU. Eva Bryndís Helgadóttir gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu málshöfðunar Björns Halldórssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra, á hendur SORPU. Minnisblöðin rædd.

#### 6. Ráðningarferli framkvæmdastjóra

Haraldur Flosi Tryggvason gerir grein fyrir tilboðum ráðningarfyrirtækja í ráðningarferli framkvæmdastjóra. Tilboðin rædd og stjórn samþykkir að taka lægsta tilboði. Formanni stjórnar er falið að ganga frá samningi við ráðningarfyrirtækið og fela því að gangsetja ráðningarferlið svo fljótt sem auðið er.

#### 7. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir ýmsum málum er varða rekstur og rekstrarumhverfi SORPU. Málin rædd.

#### 8. Næsti fundur

Stjórnarfundur nr. 436 er boðaður fimmtudaginn 22. október 2020 klukkan 14:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 17:00 fimmtudaginn 15. október 2020.

Fullgild rafræn undirskrift

**KOLBRÚN G ÞORSTEINSDÓTTIR**

Kennitala: 190867-5369  
2020-10-21 14:20:42 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**BÍRKIR JÓN JÓNSSON**

Kennitala: 240779-5289  
2020-10-26 18:53:31 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**LÍF MAGNEUÐÓTTIR**

Kennitala: 130874-6069  
2020-10-21 09:14:46 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**BJARNI TORFI ÁLÞÓRSSON**

Kennitala: 090560-3709  
2020-10-21 09:25:00 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**JÓNA SÆMUNSDÓTTIR**

Kennitala: 190358-2169  
2020-10-21 09:56:41 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**ÁGÚST BJARNI GARBARSSON**

Kennitala: 290987-2539  
2020-10-21 10:05:37 GMT  
Ástæða: Undirskrift



## Stjórn SSH 507. fundur

Mánudaginn 5. október 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Fjárhagsáætlun SSH 2021 / málsnr. 1910010

Framlögð drög að starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2021. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir útkomuspá fyrir árið 2020 og áætlun fyrir 2021.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH samþykkir fyrirbyggjandi starfs- og fjárhagsáætlun og felur framkvæmdastjóra að senda aðildarsveitarfélögum SSH hana.

### 2. Starfsmannamál SSH / málsnr. 2010001

Hrafnkell Á Proppé mun segja starfi sínu hjá SSH lausu og hefja störf hjá Vegagerðinni vegna undirbúnings framkvæmda Borgarlínunnar. Jón Kjartan hefur í ár sinnt starfi svæðisskipulagsstjóra SSH í afleysingu fyrir Hrafnkel. Taka þarf ákvörðun um auglýsingu starfsins.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að auglýsa starf svæðisskipulagsstjóra að höfðu samráði við stjórn hvað varðar starfslýsingu.

### 3. Kjarasamningar, stytting vinnuviku o.fl. / málsnr. 2009002

Framhald umræðu frá fyrri fundum. Hanna Guðlaugsdóttir, Ari Eyberg, Auður Jóhannsdóttir, Þorsteinn Einarsson, Elín Guðný Gunnarsdóttir, Lóa Birgisdóttir frá mannauðssviðum sveitarfélaganna eru gestir fundarins undir þessum lið. Hanna kynnti stöðu mála hvað varðar útfærslu á styttingu vinnuvikunnar samkvæmt kjarasamningum og hvar sú vinna er stödd. Lóa Birgisdóttir kynnir stöðu mála í Reykjavík.



Umræður.

**4. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga / málsnr. 2008001**

Umræður um um drög að fjárhagsáætlunum byggðasamlaganna.

Gestir fundarins undir þessum lið eru Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri Sorpu bs., Líf Magneudóttir formaður stjórnar Sorpu bs. og Haraldur Flosi Tryggvason ráðgjafi. Líf og Helgi kynna núverandi stöðu þessarar vinnu.

Hvað varðar fjárhagsáætlun Strætó bs. er enn beðið eftir afstöðu ríkisins varðandi hvort ríkið komi til móts við Strætó bs. vegna tekjutaps sem hlotist hefur af sóttvarnaraðgerðir vegna Covid-19. Hins vegar þarf að ljúka vinnu við fjárhagsáætlun Strætó bs.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Vinna við fjárhagsáætlanir heldur áfram með hliðsjón af umræðum fundarins.

**5. Fjárhagsáætlun svæðisskipulags / málsnr. 1510002**

Framlögð drög að fjárhagsáætlun svæðisskipulags.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá á fundinum og er honum frestað.

**6. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002**

Farið yfir og kynnt staða verkefna sóknaráætlunar en fyrir liggur minnisblað Jón Kjartans Ágústssonar svæðisskipulagsstjóra.

Taka þarf til umræðu sóknaráætlunarverkefni SSH er varðar að greina stöðu ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá á fundinum og er honum frestað.

**7. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010**

Lagt fram yfirlit og minnisblað frá SSH og Vegagerðinni um stöðu verkefna Samgöngusáttmálans og greiðslur til hans.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá á fundinum og er honum frestað.

**8. Covid-19 / málsnr. 2003006**

Fjárhagsáhrif Covid-19 á sveitarfélögin. Framhald umræðu frá fyrri fundum.



Á 505. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað:

**Niðurstaða fundar:**

*Framkvæmdastjóra SSH falið að senda erindi til forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra þar sem óskað verði eftir formlegum fundi til að ræða áhrif Covid-19 á fjárhagsstöðu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.*

Ofangreind erindi voru send hinn 28. september 2020.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá á fundinum og er honum frestað.

**9. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001**

Kynning á stöðu verkefnisins um stjórnsýslu byggðasamlaganna.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá á fundinum og er honum frestað.

**10. Fundargerðir stjórnar Sorpu bs.**

Lagðar fram til kynningar ásamt fundargögnum:  
Fundargerð 432. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 28. ágúst 2020.

**11. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**

Lögð fram til kynningar:  
Fundargerð 63. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál hinn 14. september 2020.

**12. Fundargerðir byggðamálaráðs**

Lagðar fram til kynningar:  
Fundargerð 9. fundar byggðamálaráðs hinn 17. september 2020.  
Fundargerð 10. fundar byggðamálaráðs hinn 1. október 2020.

**13. Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**

Lögð fram til kynningar:  
Fundargerð 58. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 1. september 2020.

**14. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Lagðar fram til kynningar:  
Fundargerð 887. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 25. september 2020.  
Fundargerð 888. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 29. september 2020.

**15. Önnur mál**

**16. Stjórn akstursþjónustu fatlaðra / málsnr. 1711002**





Fyrir liggur tillaga frá Haraldi Sverrissyni bærarstjóra Mosfellsbæjar um að Sigurbjörg Fjölvisdóttir sem tekur við starfi framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar taki sæti í rekstrarstjórninni.

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá á fundinum og er honum frestað.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.



## Stjórn SSH 508. fundur

Mánudaginn 12. október 2020, kl. 12:30, kom stjórn SSH saman með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar og Pálmi Mátsson, bæjarritari Kópavogs. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Fjárhagsáætlun svæðisskipulags / málsnr. 1510002

Framlögð drög að fjárhagsáætlun svæðisskipulags. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir áætlunina og hugsanlega verkáætlun samkvæmt mismunandi sviðsmyndum.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH felur framkvæmdastjóra SSH og svæðisskipulagsstjóra að rýna tillögurnar betur m.a. með hliðsjón af sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins og umræðu verður fram haldið á næsta fundi stjórnar.

### 2. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Gestir fundarins undir þessum lið eru Hermann Ottósson verkefnastjóri og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri. Fyrir fundinum lá minnisblað um stöðu verkefna sóknaráætlunar.

Jón Kjartan svæðisskipulagsstjóri fer yfir og kynnir stöðu verkefnanna frumdrög að loftlagsstefnu og samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.

Páll Björgvin kynnir stöðu sóknaráætlunarverkefnis SSH um greiningu á stöðu ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu og fjallar um hvort rétt sé að fresta fyrirhuguðu stöðumati vegna áhrifa Covid-19 á stöðu ferðaþjónustunnar. Lagt er til að fjármagn það sem nýtast átti við það verkefni renni í sjóð SSH fyrir nýsköpun og sjálfbærni í ferðaþjónustu enda geti það þá gagnast ferðaþjónustunni til nýsköpunar til framtíðar.

Hermann Ottósson kynnir stöðu verkefnanna forvarnir á tímum Covid-19, stafræn þjónusta og höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur.

#### Niðurstaða fundar:



Stjórn samþykkir, með fyrirvara um samþykki ráðuneytisins, að veita því fjármagni sem nýta átti til stöðumats á ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu til sjóðs SSH fyrir nýsköpun og sjálfbærni í ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn hafi þá um sjö milljónir króna til ráðstöfunar og úthlutunar.

*Ármann Kr. Ólafsson kom á fundinn og Pálmi Mátsson, staðgengill hans, vék af fundi.*

### **3. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010**

Lagt fram yfirlit og minnisblað frá SSH og Vegagerðinni um stöðu verkefna Samgöngusáttmálans og greiðslur til hans. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir minnisblað um framlög til Samgöngusáttmálans frá aðildarsveitarfélögunum.

Umræður.

### **4. Covid-19 / málsnr. 2003006**

Fjárhagsáhrif Covid-19 á sveitarfélögin. Framhald umræðu frá fyrri fundum.

Á 505. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað:

#### **Niðurstaða fundar:**

*Framkvæmdastjóra SSH falið að senda erindi til forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra þar sem óskað verði eftir formlegum fundi til að ræða áhrif Covid-19 á fjárhagsstöðu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.*

Ofangreind erindi voru send hinn 28. september 2020. Engin formleg svör hafa borist.

Umræður.

#### **Niðurstaða fundar:**

Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH mun afla hagfræðialits vegna þeirra áhrifa sem Covid-19 hefur á fjármál sveitarfélaganna. Jafnframt verði ítrekuð beðni um fund með ráðherrum samkvæmt ofangreindu.

### **5. Beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda vegna Covid-19 / málsnr. 2003006**

Fyrirliggjandi er erindi SAF, Samtaka ferðaþjónustunnar, þar sem farið er fram á niðurfellingu, eða frestun, greiðsla fasteignagjalda fyrir atvinnurekendur í ferðaþjónustu.

Umræður.

#### **Niðurstaða fundar:**

Skrifstofu SSH falið að fara yfir erindið og verður það tekið fyrir að nýju á næsta fundi stjórnar SSH.



**6. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001**

Hildigunnur Hafsteinsdóttir kynnir stöðu verkefnisins um stjórnsýslu byggðasamlaganna samkvæmt fyrirbyggjandi minnisblaði.

**7. Fundargerðir stjórnar Sorpu bs.**

Lagðar fram til kynningar ásamt fundargögnum:  
Fundargerð 432. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 28. ágúst 2020.

**8. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**

Lögð fram til kynningar:  
Fundargerð 63. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál hinn 14. september 2020.

**9. Fundargerðir byggðamálaráðs**

Lagðar fram til kynningar:  
Fundargerð 9. fundar byggðamálaráðs hinn 17. september 2020.  
Fundargerð 10. fundar byggðamálaráðs hinn 1. október 2020.

**10. Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**

Lögð fram til kynningar:  
Fundargerð 58. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 1. september 2020.

**11. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Lagðar fram til kynningar:  
Fundargerð 887. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 25. september 2020.  
Fundargerð 888. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 29. september 2020.

**12. Önnur mál**

**13. Stjórn akstursþjónustu fatlaðra / málsnr. 1711002**

Tillaga frá Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra Mosfellsbæjar um að Sigurbjörg Fjölnisdóttir sem tekur við starfi framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar taki sæti í rekstrarstjórninni.

**Niðurstaða fundar:**

Tillaga um að Sigurbjörg Fjölnisdóttir taki sæti í rekstrarstjórninni er samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:45



## Stjórn SSH 509. fundur

Mánudaginn 19. október 2020, kl. 13:35 kom stjórn SSH saman með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. **Covid-19 / málsnr. 2003006**

Gestur fundarins undir þessum lið var Jón Viðar Matthíasson.  
Jón Viðar kynnir nýja reglugerð um sóttvarnaraðgerðir og áhrif hennar. Umræður.

### 2. **Fundir um fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna / málsnr. 2008001**

Umræður.

#### **Niðurstaða fundar:**

Fundur með kjörnum fulltrúum vegna fjárhagsáætlana Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Sorpu bs. og Strætó bs. verður haldinn nk. föstudag, 23. október, og hefst kl. 8:00.

### 3. **Önnur mál.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2020, miðvikudaginn 14. október haldinn 385. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:48.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B Andreassen fjármálastjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á fjárhagsáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2021. Samþykkt.
2. Lögð fram tillaga að gjaldskrá skíðasvæðanna fyrir 2021. Samþykkt.
3. Samþykkt að Björg Fenger taki sæti Diljár Ámundadóttur í verkefnahóp SSH vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæðanna.
4. Lagt fram rekstraryfirlit skíðasvæðanna janúar – ágúst 2020.
  - kl. 09:33 kom Ómar Einarsson á fundinn.
5. Rætt um útboðsmál á skíðasvæðunum. Framkvæmdastjóri mun útbúa minnisblað vegna málsins.
6. Rætt um áhrif Covid-19 á skíðasvæðin.
  - kl. 10:00 vék Ómar Einarsson af fundi.
7. Rætt um samstarfssamning milli sveitarfélaga um skíðasvæðin.
8. Umræða um endurmörkun fyrir skíðasvæðin.

Fundi slitið kl. 10:20.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltsted  
Rúnar Bragi Guðlaugsson  
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson  
Björg Fenger

**GJALDSKRÁ**  
**Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis**  
**vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.**

**Matvælaeftirlit.**

1. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa og fer um innheimtu samkvæmt henni.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð og falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi samkvæmt lögum um matvæli sbr. lagabreytingu nr. 33/2018. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við viðauka með gjaldskrá þessari. Greiða skal fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

**Hollustuhættir og mengunarvarnir.**

3. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

4. gr.

*Tóbaksvarnir.*

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit hjá með vísun til 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum sem leyfi hafa til að selja tóbak í smásölu að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. gr. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

*Um meðhöndlun úrgangs.*

Vegna eftirlits sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og eftirlits með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 9. og 10. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

Tímagjald	kr. 18.000
Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldrá eðlisfræðilegra mælinga.	kr. 18.500

7. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi sbr. 1., 2., og 3. gr. gjaldskrár þessarar er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi eins og hér segir:

Endurútgáfa eða endurnýjun leyfis:

eitt og hálf tímagjald

Auk auglýsingakostnaðar ef við á,  
Nýtt leyfi: tvöfalt tímagjald  
Auk eftirlitsgjalds og auglýsingakostnaðar ef við á

Önnur leyfi:  
Leyfisgjald tvöfalt tímagjald  
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt  
auglýsingakostnaði ef við á.

8. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt  
fyrirliggjandi gögnum skal greiða tvöfalt tímagjald.

9. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og/eða sýnatöku sem gert  
er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

10. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og  
mengunarvarnir. XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og XII. kafla laga nr. 55/2003 um  
meðhöndlun úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.  
Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt.  
Útlagður kostnaður er þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðisnefnd, þar sem hún fer með eftirlit.  
Útlagður kostnaður af framkvæmd, vegna vinnu eftirlits við framkvæmd og við innheimtu  
kostnaðar innheimtist hjá viðkomandi.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og  
mengunarvarnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu  
árlegra eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld  
s.s. fyrir leyfi, vottorð, matvælaeftirlit, tóbakseftirlit og aukin eftirlitsverkefni. Gjöld samkvæmt  
gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

12. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en  
annarra gjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá  
gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

13. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum  
og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi  
starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef  
aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

14. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.



Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar XX. nóvember 2020, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar XX. nóvember 2020 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar XX. nóvember 2020, með vísun til ákvæða 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1299/2019 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

*Garðabæ XX. nóvember 2020*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Hörður Þorsteinsson**, framkvæmdastjóri.

# GJALDSKRÁ

## fyrir hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi

### 1. gr.

Af hundum í Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 15. gr. samþykktar nr.154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

### 2. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt leyfisgjald sem hér segir fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ábyrgðartrygging, númeraplata og umsýslugjald heilbrigðiseftirlitsins.

Einn hundur	kr.	15.000
-------------	-----	--------

### 3. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Tvö tímagjöld heilbrigðiseftirlits	kr.	36.000
------------------------------------	-----	--------

Afhending skráðs hunds ef leyfisgjald og vottorð eru

í skilum við handsömun. Eitt tímagjald	kr.	18.000
--	-----	--------

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

### 4. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. grein er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

### 5. grein

Hafi leyfishafi lokið námskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, er heilbrigðisnefnd heimilt, að fenginni umsókn, að lækka gjöld skv. 3. grein gjaldskrár þessarar um allt að helming, frá þeim tíma sem fullnægjandi gögn voru lögð fram, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Skilyrt er að gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari séu ekki í vanskilum.

### 6. grein

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður eða lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

### 7. grein

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Garðabæjar XX. nóvember 2020, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar XX. nóvember.2020 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar XX. nóvember 2020, staðfestist hér með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldsskrá nr. 1298/2019 um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Garðabæ XX. nóvember 2020

f.h. heilbrigðisnefndar,

**Hörður Þorsteinsson**, framkvæmdastjóri.

## **Tillaga Garðabæjarlistan um lýðheilsu ungmenna Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir**

Tillagan felur í sér að gerð verði könnun meðal ungmenna í árgöngum 2002 - 2007 með það að markmiði að kanna hverskonar fræðslu ungmennin myndu helst vilja sjá til að efla andlega vellíðan.

Garðabæjarlistinn leggur til að hlúð verði sérstaklega að lýðheilsa ungmenna fædd 2002 - 2007 (13-18) ára í Garðabæ með fræðslu og stuðningi sem kann að vera mikilvægur. Fræðsluviði verði falið að finna leiðir til þess að nálgast þennan hóp sérstaklega til að hlúa að andlegri líðan við þær óvenjulegu aðstæður sem heimsfraldurinn Covid 19 skapar. Liggur beinast við að fjartækni verði nýtt eins og kostur er.

### **Greinargerð**

Heimsfaraldurinn Covid-19 kallar á alls konar aðgerðir og nú blasir við ungmönnum nýr veruleiki þar sem lífsgæði þeirra eru verulegt skert amk tímabundið þar sem aðgengi að félagslegri þátttöku eru óheimil eða bundin gríðarlegum takmörkunum. Að ekki sé minnst á hefðbundna viðveru í skólum á framhaldsskólastigi.

Þar fyrir utan er það svo að geðræn vandamál eru vaxandi í okkar samfélagi og eru að verða ein af stærstu viðfangsefnum lýðheilsu í heiminum – þar á meðal á Íslandi. Þunglyndi er metið sem eitt af stærstu heilsufarsvandamálunum sem dregur úr lífsgæðum fólks. Það er því brýnt að forvarnar- og heilsueflingar-verkefni snúist í auknum mæli um andlega líðan. Tillagan styður við þau verkefni sem eru í farvatninu hjá sveitarfélaginu þar sem Garðabær er heilsueflandi samfélag, stendur frammi fyrir innleiðingu heimsmarkmiðanna og innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hvetja til aukinnar áherslu á andlega líðan íbúa.

En einnig hafa væntingar um að sveitarfélög taki aukna ábyrgð á fræðslu og þjálfun ungmenna vaxið undanfarin ár.

Við í Garðabæjarlistanum teljum mjög aðkallandi að bregðast við og rýna þá stöðu sem ungmenni eru að glíma við þessi misserin.

Sara Dögg Svanhildardóttir  
Harpa Þorsteinsdóttir  
Ingvar Arnarson